

VÁL FÓLKISINS!

EFTIRSÓTTASTA
OG SÍST EFTIRSÓTTA
MÁLVERK
ÍSLENSKU ÞJÓÐARINNAR.

KOMAR & MELAMID

JAY FOOTKINGS!

ATSGÄTTET
ATTGÄTTET TÄS DO
MÄVÄM
ISLENGU ÞÓÐARINNAR.

KOMAR & MEYMIÐ

KOMAR & MELAMID

JANÚAR — FEBRÚAR
1996

SÝNINGARSTJÓRI: HANNES SIGURÐSSON



KJARVALSSTAÐIR

Efnisyfirlit

Inngangsorð eftir Guðrúnu Jónsdóttur	bls. 4
Aðfaraorð eftir Jón Björnsson	bls. 5
Á söguslóðum Komars og Melamids	bls. 6
Helstu niðurstöður Hagvangskönnunarinnar	bls. 16
Málað eftir tölum: List fyrir fólkið	bls. 44
Leitin að list fólksins: Alexander Melamid situr fyrir svörum	bls. 55



Portrettljósmynd af Komar & Melamid
Peggy Jarrell Kaplan © 1984

Inngangur

Komar og Melamid eru fyrir löngu orðnir heimskunnir listamenn. Fyrst sem framsækni andófsmenn í tíð Sovétríkjanna, og nú seinna sem virtir listamenn í Vesturheimi.

Í gegnum tíðina hafa þeir félagar lagt sig fram við að storka hefðinni og setja spurningarmerki við pólitísk, félagsleg, menningarleg og listræn kerfi.

Sýningin hér á Kjarvalsstöðum, en uppistaðan í henni eru tvö málverk, *Eftirsóttasta* og *Síst eftirsóttasta málverk íslensku þjóðarinnar*, ber yfirskriftina *Val fólksins*. Hún er í senn myndlistarsýning og menningar-félagslegur viðburður, þar sem listamennirnir Komar og Melamid tjá okkur í gegnum skoðanakönnun og myndverk smekk, gildismat og þekkingu þjóðarinnar á íslenskri myndlist.

Guðrún Jónsdóttir
formaður menningarmálanefndar Reykjavíkur

Hannes Sigurðsson listfræðingur hafði samband við okkur hér á Hagvangi hf. vegna myndlistarkönnunar haustið 1994. Okkur leist strax vel á hugmyndina og var ákveðið að Hagvangur hf. myndi styðja þetta verkefni til að það gæti orðið að veruleika. Fyrir því voru nokkrar ástæður en þó fyrst og fremst að okkur fannst verkefnið frumlegt og nokkuð frábrugðið því sem við fáumst við dags daglega. Aðferðafræðin er að vísu sú sama en spurningarnar og viðfangsefnið óvenjuleg. Könnunin var framkvæmd í febrúar 1995, og nú liggja niðurstöðurnar fyrir og til sýningar í orðsins fyllstu merkingu. Við viljum þakka Hannesi sérstaklega fyrir samstarfið um leið og við óskum honum og listamönnunum Komar og Melamid til hamingju með að þessi sýning er orðin að veruleika.

F.h. Hagvangs hf.

Jón Björnsson
markaðsráðgjafi



Komar og Melamid i Boston fyrir framan gjörningarverk
sitt *Byltingarskólinn*, 1980

Þeir eru stundum kallaðir Lenín og Stalín, eða Marx og Engels, póst-sovéskrar myndlistar. Í útliti gætu þeir hins vegar verið náskyldir Gög og Gokke, og list þeirra verið eftir þá alla; hún er sérkennilegt sambland af alvöru og glensi, auglýsingaskrumi og pólitískri hugsjónamennsku. Þeir heita Vitaly Komar og Alexander Melamid, betur þekktir sem hið óskráða vörumerki „Komar og Melamid“.

Sá pattaralegi, Komar, er búlduleitur og brúnamikill með tjásulegt alskegg að hætti gömlu hippakommanna og úfið, herðasitt hár skrytt tataralokkum. Hann er líka jafnvel ennþá málgefnari en félagi hans, Melamid, og þegar hann lætur vaða á súðum er eins og horft sé inn í gullnámu; ekki aðeins að fjórða hver tönns sé með 18 karata gullfyllingu heldur velta upp úr honum gullmolarnir í þökkabót. Stundum, bara upp á grín, á hann það til að ávarpa gestkomandi með því að herma eftir rússneskum lögregluþjóni. Þá krossleggur hann hendur og dregur augun í pung svo þau gneista af grunsamlegri hlýju: „Kæri samborgari, hhhhvernig get ég oooooðið þér að liði?“

Melamid er grannvaxinn og spengilegur og leynir meira á sér, andlitið skarpleitt, nærri því kvenlegt, en lubbinn svo skrífaður að halda mætti að hann hefði fengið raflost. Þeir nota báðir sterk gleraugu. Þegar Melamid er stilltur heldur hann höndum í vösum og lætur sér nægja að skjóta út olnbogunum annað slagið til að áréttá mál sitt. Hann er fæddur 1945 en Komar er tveimur árum eldri. En þegar Melamid kemst í uppnám fara hendurnar á flug og andlitið leikur allt á reiðiskjálfi, sérstaklega í nærveru kvenna sem honum þykja óhemju fagar. Hann horfir, hann litur undan, réttir aðra höndina fram til að forða sér frá falli, leggur hina á hjartastað og drepur tittlinga, ofboðslega hratt. Of mikil örvun. Útskriftarhópurinn frá Myndlista- og handiðaskóla Íslands sem heimsótti vinnustofu þeirra á Manhattan fyrir rúmu ári, um 85 prósent stelpur, reið honum næstum að fullu. Hann hafði aldrei séð föngulegri meyjafans. Þeir eru báðir yfirlýstar karlrembur. Skömmu síðar, eftir að Melamid hafði jafnað sig, ákváðu því „bósarnir“ að kanna landann betur — það er að segja viðhorf hans til myndlistar.

Lítil þúfa veltir pungu hlassi

Komar og Melamid eru fæddir og „prógrammeraðir“ í Listaskóla Moskvu (1958—60) og hlutu rækilega þjálfun í uppskrúfuðum skólastíl 19. aldarinnar við Listaakademíuna í Stroganov (1962—67). Þeir kynntust 1963 í líkhúsi í tengslum við módelnámskeið og byrjuðu að starfa saman tveimur árum síðar. Í þá daga urðu menn að fara eftir settum reglum; þeir sem eitthvað höfðu út á alsæluríkið að setja frömdu í mesta lagi listræn prakkarastrik á bak við luktur dyr fyrir útvalda vini og starfsbræður. Komar og Melamid voru ofvirkir þátttakendur í þessari undirheimastarfsemi borgarinnar. Leynibjónustan hafði á þeim augastað og grunaði þá um græsku, sem jafngilti föðurlandssvikum. Til að byrja með var þeim vísað úr ungliðadeild Myndlistarsamtaka Moskvu þegar þeir sóttu um leyfi til að halda opinbera sýningu á verkum sínum. En þeir létu sér ekki segjast heldur skipulögðu þess í stað fjölmenna andófssamsýningu ásamt málaranum Oskar Rabin undir berum himni í útjaðri borgarinnar árið 1974, sem síðar hlaut viðurnefnið „Jarðýtusýningin“ og komst í forsiðufréttir vestrænna stórblaða. Yfirvöld sendu þungavinnuvélar á staðinn og hreinlega jörðuðu sýninguna. Eftir það var ekki um annað að ræða fyrir þá samyrkjufélaga en að flýja land.

„Það var rigning svo við urðum að vaða aurbleytuna upp í ökla,“ segja Komar og Melamid voteygðir. „Þetta bersvæði í Beljajevo er risastórt. Slegnir og velhirtir grasvellir fyrirfinnast ekki í Rússlandi. Um 3—400 manns voru á vappi á svæðinu. Við tókum fram málverkin okkar til að stilla þeim upp en þá kom óeinkennisklæddur náungi aðvifandi og sagði: „Nei-nei-nei! Við ætlum að planta trjám hérna!“ Skammt undan voru að minnsta kosti fjórar jarðýtur með hinu gula og bláa skjaldarmerki Moskvuborgar, í gangi og til reiðu. Við fluttum okkur um set og reyndum að reisa trönum á ný en um leið skipaði annar gaur okkur að hætta því þeir ætluðu að planta trjám þarna líka! Svo við færðum okkur aftur. Þannig hentumst við frá einum stað til annars fram eftir deginum; ólíklegt er að nokkrum hafi heppnast að sýna eftir sig verk. Að lokum þreif einn af sjálfboðaliðum lögreglunnar til sín tvöfalda portrettið af okkur sem Marx og Lenin. Við sögðum að ef honum geðjaðist að myndinni mætti hann eiga hana. Hann svaraði með því að fleygja henni á jörðina og bjóst til að traðka á henni. „Stopp,“ hljóðuðum við upp yfir okkur, „þetta er engin venjuleg mynd — þetta er meistaraverk!“ Það fékk hann til að hika eitt andartak — hann vildi ekki vera barbari.“

„Ofsahræðsla hafði gripið um sig. Fólk æpti og orgaði: „Hjálp-hjálp, þeir eru að murka úr okkur líftórna“. Þeir sprautuðu á mannfjöldann úr háþrýstidælum meðan jarðýtturnar æddu fram og aftur um völlinn til að króa fólkíð af — sennilega liður í

Þessu ræktunarátaki. Komari var hrint niður í forina. Hann lá grafkyrr og sýndi engan mótþróa, eins og Gandhi. Skyndilega stóð samanrekin náungi fyrir framan mig [Melamid], náungi með hatt. Hann var mjög nálægt mér en snerti mig samt ekki. Hann benti á mig fingri og sagði: „Hérna er listamaður — handtakið hann“. Ég tók á rás eins og óttaslegin mús með gleraugu. Þau voru hulin móðu svo ég sá ekkert hvert ég var að fara. Við vorum færðir til fimmtugráðu yfirheyrslu en sluppum með skrekkinn. Síðast þegar við fréttum var ekki enn búið að planta neinum trjám barna.“

„Alþjóðlega mikilvægir listamenn“

Melamid býr ásamt konu sinni og tveimur börnum í Jersey City en Komar skildi áður en hann flutti úr landi. Á meðan þeir bjuggu í Sovétríkjunum skrimtu þeir á kennslu og tilfallandi verkefnum í sambandi við grafikhönnun. List þeirra varð smám saman fyrir meiri áhrifum að vestan og þeir urðu staðráðnir í að skapa sér nafn í Bandaríkjunum. Með það að leiðarljósi fengu þeir frænda Komars, örverufræðing, til að smygla verkum eftir sig úr landi í von um að afla sér fylgis á Manhattan. Listauðkýfingurinn Ronald Feldmann samþykkti að sýna myndirnar í galleríinu sínu 1976, 200 agnarsmá olíumálverk sem honum bárust í einni sælgætisöskju.

Árið eftir settust kumpánarnir að í Ísrael sem pólitískir landflóttagyðingar, þar til þeir plöntuðu sér endanlega niður í New York 1978. Þeir voru gerðir að sérstökum bandarískum heiðursríkisborgurum 1988 fyrir að vera „alþjóðlega mikilvægir listamenn“.

Og hvað hafa þeir eiginlega verið að bauka undanfarin 18 ár? Til að svara því af einhverju viti þyrfti allt að 386 blaðsíðna bók. Þeir hafa gert innsetningar til að varpa ljósi á útópískan yfirgang sovétstjórnarinnar og skáldað upp tvo myndlistarmenn með magnaða ævisögu og afspyrnulangan sýningarferil. Þeir hafa kennt hundi að teikna og framleitt fjölbreytt úrval af drasli-de-luxe til að úthúða neysluaukningarstefnunni. Þeir hafa dregið dár að merkilegheitum vísindasamfélagsins (í verkinu *Litalæknisfræði*) og samið pianósónötu með því að umbreyta reglusetningunum aftan á sovéska vegabréfinu í nótnaflúr. Þeir hafa búið til nýtt tungumál, aruoist, lagt fram smíðauppdrætti fyrir töfrahluti og drýgt tugi gjörninga, stundað fornleifauppgröft á Krit og sent ajatolla Khomeini simskeyti þar sem þeir lýstu sig seka um að hafa valdið jarðskjálftanum í Íran 14. nóvember 1979 í hegningarskyni fyrir gíslátökuna. Þá reka þeir tveggja manna útvarpsstöð á Manhattan (opin á laugardögum eftir aðstæðum) og skóla fyrir starfandi myndlistarmenn í Bayonne, New Jersey, svo fátt eitt sé nefnt.

Með pensilinn að vopni

Einkum hafa Komar og Melamid þó fengist við að mála en á því sviði eru afköst þeirra næstum erróísk. Árið 1980 byrjuðu þeir aftur að hæðast að sósíalrealismanum undir formerkjum Sots-stefnunnar, sem þeir eru upphafsmenn að. Þetta háðsglósuform varð til í Moskvu upp úr 1967 og er fyrsta framúrstefnuhreyfingin sem fram kom í Rússlandi eftir að konstruktívisminn var formlega tekinn úr umferð á miðjum fjórða áratugnum, en meðal Sots-áhangenda má nefna Erik Búlatov, Ílja Kabakov, Leoníd Lamm og Alexander Júlíkov (þeir náðu allir að hasla sér völl á Vesturlöndum). Sósíalrealisminn réð lögum og lofum í sovésCRI myndlist frá og með valdatöku Stalíns, sem krafðist þess 1934 að hún væri „þjóðleg að formi til og sósíalísk að merkingu“. Á augabragði koðnaði ein merkasta listahreyfing aldarinnar, konstruktívisminn, niður í akademískar konfektkassamyndir af óþekktu afreksfólki byltingarinnar, kafrjóðu af framfaraákafa og harðákveðnu í fasi, eldhressum dráttavélakörlum og spúandi verksmiðjureykháfum. Allt sem ekki túlkaði lygimagnaða hamingju óreigalyðsins með ástand mála var stranglega úr myndinni.

Nú á tímum nota pólitískir harðstjórar sjónvarpið til að þvo ímynd sína og framkalla áreiðanlega karaktera. En áður fyrr féll það í skaut hirðlistarinnar að breyta miskunnarlausum einræðisherrum í ástkæra landsfeður: Komar og Melamid ólust upp þegar háleitasta form myndlistarinnar, klassikin, var notað til að réttlæta lágkúrulegasta form mannglegrar hegðunnar. Stalín lét greipar sópa um fjársjóði Dresdenar í lok síðari heimsstyrjaldar og fyrirskipaði kónum sínum að klæða sósíalrealismann í hátíðarbúning gömlu meistaranna.

Sotsararnir beittu aðferð popplistarinnar, paródíu og óvæntum samlikingum, í því skyni að grafa undan boðskapnum, hinum opinbera ofurhetjustil Ráðstjórnarríkjanna. Aðall popplistarinnar er geta hennar til að spenna upp sjónrænar klisjur svo skín í innviðina á hugsunarlitlum kreddum samfélagsins. Að því leyti má lita á poppið sem skærari, djassaðri, sölukræfari paródíska útgáfu þeirrar hefðar sem lá til grundvallar akademísku listinni, sem og myndrænum síðareglum sósíalrealismans.

Stalín er ekki hér

Ádeilumálverk Komars og Melamids féllu eins og flís við rass á þeim hugmyndum sem Amerikanar höfðu gert sér um Sovétríkin; þau voru „meistaralega“ vel gerð, rammpólitísk og hugmyndafræðilega alveg glettilega réttumegin við strikið. Ekki sakaði heldur að fáfróðir gátu skilið tilvísanirnar án þess að líða eins og fábjanum.

Málverk af ráðþrota Stalin að fremja misheppnaða sjálfsmorðstílaun á einnar stjörnu móteli (1982) féllu strax í kramið hjá Kananum. Og þau voru fleiri: Stalin krýpur á kné og tilbiður sjálfan sig í spegli; Stalin gægist út um rauð gluggatjöld á limósinu; Stalin við rauðdúkað borð tekur brosandí á móti mannkynssögubók úr hendi örlagagyðjunnar til endurskoðunar. Félagarnir slógu í gegn. Aragrúi allegóriskra skopmynda af æðstu ráðamönnum kommúnismans (og Ronald Reagan) fylgdi á eftir næstu sex árin. Það segir kannski sitt að stærstu viðskiptavinir þeirra í byrjun voru kvikmyndastjörnurnar í Hollywood. Arnold Schwarzenegger og Sylvester Stallone eru eitilharðir aðdáendur: „Ég veit ekki hvers vegna en vöðvafjöll virðast veik fyrir svona myndum,“ segir Melamid. „Tveimur vikum eftir að við komum til Bandaríkjanna varð okkur neónljóst að við áttum að vera skemmtilegir. Við vorum teknir inn í listasamfélagið hérna vegna þess að við vorum framandi, unnum saman og svo framvegis.“

Aðlögunarhæfileiki Komars og Melamids er slíkur að þeir urðu fljótlega ámóta bandarískir og Andy Warhol. En þrátt fyrir allan leikaraskapinn er að finna alvarlegan, stundum tragískan, undirtón í verkum þeirra. Fyrir vikið er aldrei gott að segja hvar maður hefur þá. Eins og börn frá ofbeldisheimilum eru Rússar ráðvilltir eftir missi hins grimmynda foreldris. Stalin er ekki hér. En hans er enn sárt saknað af fjöldanum. Í huga margra er hann sú þjóðhetja sem átti mestan þátt í að koma Sovétríkjunum á blað sem nútíma stórveldi. Þessir harðráðu uppalendur, Stalin og skósveinar hans, mótuðu ekki aðeins líf fólksins. Þeir náðu að hrífa alþýðuna svo sterkt á sitt band að hún hefur ekki enn getað afneitað þeim að fullu — nokkuð sem kann að vera illskiljanlegt utan rússneskra höfuðskelja.

Verk þeirra *Dauði og ódauðleiki* (1991) fjallar um brottnáð sósíalískra minnisvarða. Byltingarsinnar hafa löngum talið fólk trú um að fjarlægja verði öll óæskileg vegsummerki fortíðarinnar til að hægt sé að ryðja framtíðinni beina og bjarta braut. Þannig rústuðu kommúnistar höllum og kirkjum í kjölfar rússnesku byltingarinnar og lögðu Guð í einelti. Og nú vilja demókratar sópa yfir blóðidrifna slóð þeirra. Hingað og ekki lengra, sögðu Komar og Melamid. Að þeirra mati leiðir skemmdarstarfsemi í skjóli nýrra trúarbragða aldrei til góðs. Þeim er í mun að minnismarkjum kommúnismans verði bjargað. Ekki vegna fagurfræðilegra verðleika þeirra eða hugmyndafræðinnar sem býr að baki, heldur vegna þess að aðeins með því að gangast við fortíðinni og samsama hana líðandi stundu sé hægt að losna úr ánaud hennar.

„Við sátum í vinnustofunni okkar á Manhattan og sáum ölduna riða yfir á CNN-sjónvarpsrásinni,“ minnst Komar og Melamid. „Tortímingin á minnisvörðum var

með ólíkindum. Fyrst sáum við mannfjöldann rífa niður styttuna af Felix Dzerzhínski, stofnanda sovésku leynilögreglunnar, fyrir utan höfuðstöðvar KGB. Það var í góðu lagi. Við gátum umborið það. Þetta var stórkostlegt, eins og að upplifa áhlaupið á Bastilluna eða sterkan jarðskjálfta. En það var næsta skref sem snerti hjá okkur viðkvæman streng; æstur múgurinn skemmdi aðalstyttuna af Lenín. Þetta er dæmigerð gömul Moskvu-aðferð, annaðhvort að dýrka eða eyðileggja. Bolsévíkar kollvarpa keisaranum, Stalín þurrkar út bolsévíka, Krústsjov hrindir Stalín af stalli, Brezhnev rífur niður Krústsjov, og svo þetta. Enginn munur. Á öllum umbyltingartímum hefur fortið þessa lands verið afmáð eftir geðþótta. Og það vanalega af sama fólkinu! Í flestum tilfellum var það ekki ástriðufullur múgurinn sem sá um skemmdarverkin — það var yfirveguð hönd framkvæmdavaldsins að tilskipun blekkullaranna. Sömu náungarnir og létu valta yfir sýninguna okkar stóðu fyrir þessari jarðýtuvinnu.“

Minnisvarðar um tómarúm mannlegrar ofpenslu

Komar og Melamid vildu varðveita söguna. Þeir veltu fyrir sér hvort hægt væri að finna einhverja aðra leið en þá að ýmist tilbiðja eða mölva minnisvarða. Ef til vill gæti sú stétt sem átti hér sök að máli — myndlistarmenn — fundið þeim annað og endingarbetra hlutverk. Árið 1993 efndu þeir til hugmyndasamkeppni í World Trade Center, heiladingli kapitalismans, um hvað ætti að gera við það ógrynni opinberra minnisvarða í fyrrverandi Sovétríkjunum sem glötunar biður þar eð pólitísk skilaboð þeirra eiga ekki lengur upp á pallborðið. 150 listamenn hvaðanæva úr heiminum sendu inn tillögur, flestar í skoplegri kantinum, enda staðarvalið í meira lagi kaldhæðið. Thomas Lawson lagði til dæmis til að brjóstmyndum af Lenín yrði breytt í drykkjarbrunn svo hægt væri að „nærast beint á höfuðuppsprettu jafnaðarlegrar visku“. Rússneski innflytjandinn Vladimir Nekrasov vildi að öllum áróðursstyttunum af Lenín — standandi Lenín, sitjandi Lenín, niðursokkinn Lenín, þrumandi Lenín — yrði raðað í beina línu sem næði frá Stalíngrad, nú Volgograd, út í Finnlandsflóa og þannig „yrði kommúnisminn hrakinn aftur til Vesturlanda þar sem hann á upptök sín“. Susan Hoetzel þótti aftur á móti vissara að fjarlægja stytthausana og setja sjónvarpsskjái í þeirra stað sem stilla mætti í samræmi við hina pólitísku vindátt hverju sinni; þessa varanlegu lausn kallar hún *Fallhelda minnisvarða*. Sjálfir skrifuðu Komar og Melamid forseta Rússlands, Boris Jeltsín, bréf þar sem þeir lögðu til að grafhýsi Leníns fengi að standa, en því yrði breytt. Glerskrín Leníns yrði flutt um set og á bygginguna fest hlaupandi ljósaskilti sem geislaði nafni leiðtogans milli þess sem lesa mætti nýjustu fréttir, veðurhorfur næsta sólarhring, ljóð og jafnvel klausur úr Bibliunni. Hofið fengi þannig á sig vinalegri blæ um leið og það vitnaði um „fáfengileika allrar útópiu“.

„Það fer best á því að Lenin sé jarðaður við hlið móður sinnar eins og hann sjálfur vildi. Og skilja kistuna hans eftir þarna — auða. Skilja allt eftir eins og það var — sem minnisvarða um ekkert, um tómarúm mannlegar ofpenslu,“ segja Komar og Melamid. „Okkar heilögu leifar, Lenin og grafhýsið, mynda líkamann/musterið, drauginn sem ásótti Evrópu. Okkur var heitið kommúnismanum og grafhýsið var tákn þess sáttmála; hinn ódauðlegi foringi, sem blundaði innan við múrvegginn eins og Þyrnirós, var okkar trygging. Þegar Stalin dó 1953 var hann lagður til hvílu við hlið Lenins! Undir sama rauða fánann eins og þeir væru tveir elskhugar í einni sæng! Mjög kynferðislegt. Eitthvað svo dásamlega bannheilagt. Grafhýsið bar nafn þeirra beggja fram til ársins 1959 þegar Stalin hvarf skyndilega úr rekkju. Þetta var feikilegt áfall fyrir okkur í bernsku. Málið er að þessi sýning var algjört egóflipp. Jú, það verður að varðveita söguna fyrir næstu kynslóðir og allt það. En þessir minnisvarðar eru okkur ekki bara saga, þeir endurspegla líf okkar. Það eru ekki endilega minnisvarðarnir sem við viljum varðveita, heldur hinn fallegi og yndislegi heimur æskuáranna.“

Brú milli tveggja heima

Sýningin í World Trade Center var minnisvarði Komars og Melamids um eigin nostalgíu. Heimsókn þeirra til fyrrverandi Sovétríkja eftir fall Berlínarmúrsins og lok kalda stríðsins galopnaði augu þeirra fyrir því að ástkæra föðurlandið var ekki alveg eins fagurt og fritt og þá hafði minnt: „Við erum dálítið úti á þekju í þessu landi [Bandaríkjunum] en þegar við gátum loksins heimsótt Rússland á ný komumst við að raun um að við tilheyrum því ekki heldur,“ segir Komar. „Það er allt í sprungum. Minnisvarðarnir, göturnar, byggingarnar. Það lítur allt út eins og mynd eftir Rembrandt. Meira að segja andlit vina minna eru þakin sprungum. Þetta er vissulega nýr staður en þetta er líka sami staðurinn, sama gamla Rússland. Það er eins og bældur rómur, sama melóðian, en einhver hefur fíktað við söngtextann. Og þetta er sorgleg melóðia, eins og áin Volga, laaaaangt og sooooooglegt lag sem aldrei tekur enda.“

En þótt Komar og Melamid hafi þá verið orðnir „kapítaliseraðir“ fram í pensilhár, og mun kröfuharðari neytendur, færðu Bandaríkin þeim heim sanninn um það að grasið er ekki grænna hinumegin. Grænkan kemur að innan: „Áður en við komum hingað trúðum við á framfarir en vera okkar hér eyðilagði þá tálsýn,“ segir Melamid. „Við lærðum að hlutirnir líða í hringi. Sumir sjá lífið fyrir sér sem á en við litum á það sem mýri, eitthvað sem sekkur, rotnar og gýs svo aftur upp — það er lífið. Þessi vestræna hugmynd að allt sé í framför er einfaldlega röng, og það eru vissulega engar framfarir í listum. Pollock er ekki betri en Poussin. Lífið gengur ekki út á hamingju, og í raun er ég óhamingjusamari hér en ég var í Rússlandi. Ekki vegna

Þess að Rússland sé betra heldur vegna þess að ég er eldri og verð að vera ábyrgari, og það gerir mig dapran. Persónuleiki manna skiptir meira máli en sú þjóðfélagsgerð sem þeir búa við. Sorglegt. Er það ekki?"

Sem ábyrgir einstaklingar tóku Komar og Melamid að líta umhverfi sitt gagnrýnari augum, enda höfðu þeir notadrjúgt listrænt tól að heiman — heilann — til að rannsaka gangvirki hins vestræna stjórnkerfis. Í texta með sýningu sinni *Searstyle™ ásamt sálum* (1992) lýstu þeir yfir að það væru aðeins þrjár stilfræðilegir möguleikar eftir fyrir listamenn — módernismi, *kitsch* og Sears, sem líkja má við Hagkaup (ef við byggjum í 267 milljón manna þjóðfélagi). Sears-stillinn þýðir „heavy-duty-beauty“; mikið af formæku, gervimúrsteinum, plastblómum, köflóttum buxum, 48 tommu sjónvörpum, þvottavélum ... „You name it, we've got it!“ Sears-stillinn er jafn amerískur og hamborgari og kók. Eini munurinn á Sears og Komar og Melamid er sá að þeirra vörur eru handunnar og meðvitaðri að allri gerð. Og verðið mun óhagstæðara.

Stilbragðið kom við kaunin. Þeir hlutu ámæli. Listamennirnir voru að gera sér féþúfu úr alþýðumenningunni og hlæja að henni í kaupbæti. Komar og Melamid svöruðu á móti að þeir væru einungis að reyna að færa listina nær fólkinu: „Sears er tákni fyrir alla þá góðu, praktísku og áreiðanlegu hluti sem Amerika hefur gefið heiminum. Heiðarlega hluti. Lýðræðislega hluti. Hluti sem virka. Hluti sem snúast um nauðsyn en ekki stíl.“ Fyrir þá sem vöknudu með timburmenn eftir listasvallveislu síðasta áratugar var þetta eins og stílrænn afréttari.

Hopað til höggrúmsins

Næst fóru vinirnir lævislegar aftan að kerfinu. 1993 var þeim falið að fegra forsalinn á viðskiptadómkirkju Los Angeles, The First Interstate World Center-bankanum, sem er 310 metrar á hæð og hæsta bygging í vesturhluta Bandaríkjanna. Komar og Melamid máluðu hefðbundna þrískipta altaristöflu af erkienglinum Gabriel fyrir miðju á upphleyptum fleti og tvo helga menn með mógula geislabauga honum til beggja handa („messinggeislabaugur tákna lægri dýrlingatign,“ útskýrir Melamid svipbrigðalaust). Þeir eru sveipaðir hvítum, gegnsæjum möttlum og skotra höfugum augum í átt til himna.

Erkiengillinn stendur í viðbragðsstöðu gegnt bogadregnum og íburðarmiklum innganginum, fyrir ofan lyfturnar sem biða þess að skjóta kúnnanum upp á æðri plön skjákljúfsins. „Gakk inn,“ má heyra hann segja ef grannt er skoðað, „allir þér sem peningum og greiðslukortum eruð hlaðnir, og ég mun hefja yður til vegsemdar.“ Hann er krýndur

gylltum lárviðarsveig eins og fljúgandi snákurinn Quetzalcoatl, höfuðguð Asteka. En það eru einkum hinir gríðarlegu silfrúðu vængir hans sem koma spánskt fyrir sjónir — þangað til menn seilast ofan í vasann eftir 25 sentum til að gefa betlurinum fyrir utan. Verkið heitir *Samstaða*.

Komar og Melamid voru komnir á vægðarlaust skrið. Skoðanakönnun Hagvangs, sem framkvæmd var í febrúar 1995, er hluti af alheimsúttekt þeirra á því hvað almenningur vilji helst sjá í málverki. Fljótt á litið gætu menn dregið þá ályktun að hér væri einungis um langdregna og rándýra skrýtlu að ræða, rétt þokkalega fyndna miðað við allt tilstandið. Aðalgildi könnunarinnar felst hins vegar ekki í niðurstöðunni heldur í þeim spurningum sem hún lumar á og lætur áhorfandanum/lesandanum eftir að svara. Er eðlilegt í okkar svokallaða lýðræðisþjóðfélagi að listmiðlun sé stjórnað af þröngum hópi manna? Ef svo er ekki, með hvaða leiðum er þá hægt að koma á fót jafnari dreifingu á milli valds og vals? Skiptir það listheiminn, þennan lærða og lokaða sem „allt veit betur“, nokkru hvort almenningi líkar við framlag hans — jafnvel þegar hann virðist gera sér far um að höfða til lýðsins? (Eða nægir meðlimum hans ef til vill að fá um sig „góða gagnrýni“ í réttum blöðum og hagstæðari tilboð á ennþá tignari stöðum?) Hefur aukið lýðræði óhjákvæmilega í för með sér „gæðarýrnun“? Er „framúrstefnulistin“ á villigötum? Er *hugsanlega* viðeigandi að fara fram á fullkominn aðskilnað ríkis og lista? Eru lögmál markaðarins, sem tekið hafa af skarið á flestum sviðum þjóðlífsins, hálistinni ekki samboðin?

Listaheimurinn kann að flissa með sjálfum sér yfir þessum sniðugheitum félaganna, en hafi hann ekki haldbær svör á reiðum höndum gæti það átt eftir að koma honum óþyrmilega í koll. Hinn raunverulegi brandari er þegar hafinn. Sá hlær best sem ...

H.S.

Úrslit kosninganna

Komar & Melamid:

„Tvöfalt portrett sem ungir frumkvöðlar“ 1982—83
(úr myndaröðinni *Nostalgískur sósíalrealismi*)



Úr skoðanakönnun Hagvangs hf.
á viðhorfi íslensku þjóðarinnar til myndlistar:

Helstu niðurstöður

„Gott kvöld. Ég heiti NN og hringi frá Hagvangi hf. í Reykjavík. Þú hefur lent í úrtaki hjá okkur vegna framkvæmdar á skoðanakönnun, má ég trufla þig í örfáar mínútur? Áður en ég legg fyrir þig spurningarnar vil ég benda þér á að þér er ekki skylt að svara einstökum spurningum eða spurningalistanum í heild.“

Spurning 1

Segðu mér þá fyrst; þegar þú getur valið á milli tveggja vörutegunda af sömu gæðum, hversu oft ertu reiðubúin(n) að greiða svolítið meira fyrir hönnun eða útlit vörunnar? Ertu til í að gera það:

Alltaf	14%
Oftast	49
Sjaldan	23
Aldrei	8
Ekki viss	6

Spurning 2

Og í framhaldi af því, hversu mikilvægt er útlit eða hönnun fyrir þér ef þú værir til dæmis að kaupa eina af eftirtöldum vörum. Byrjum á nýjum bíl. Væri útlit hans: A) mjög mikilvægt, B) frekar mikilvægt, C) ekki mjög mikilvægt eða D) alls ekki mikilvægt fyrir þér? (Segðu bara A, B, C eða D eftir mikilvægi.)

	A	B	C	D
Nýr bíll	25%	45	22	8
Nærfatnaður	28%	37	23	12
Sjónvarp	15%	35	33	17
Vetrarúlpa	47%	37	11	5

Spurning 3


Hvað með liti? Ef þú yrðir að nefna uppáhalds lit, hvaða lit myndirðu nefna? (EKKI LESA LISTANN.)

Appelsínugulur	*%
Blár	31
Bleikur	2
Brúnn	4
Dumbrauður	*
Fjólublár/ purpurarauður	4
Grænn	20
Grár	1
Gulur	2
Gylltur	*
Heiðblár	*
Hvítur	1
Móbrúnn	*
Mosagrænn	1
Rauður	14
Sægrænn	1
Svarblár	*
Svartur	6
Vínrauður	2
Annað	2
Veit ekki	10

Spurning 4

Og hvaða lit myndirðu setja í annað sæti? (EKKI LESA LISTANN.)

Appelsínugulur	*%
Blár	18
Bleikur	3
Brúnn	10
Dumbrauður	*
Fjólublár/ purpurarauður	3
Grænn	14
Grár	3



Spurning 3

Gulur	5
Gylltur	*
Heiðblár	*
Hvítur	3
Móbrúnn	10
Mosagrænn	*
Rauður	15
Sægrænn	1
Svarblár	*
Svartur	7
Vínrauður	2
Annað	3
Ekki viss	14

Spurning 5

Má ég spyrja hvort þú hafir einhver listaverk á heimili þínu? (Með orðinu „listaverk“ á ég við hvaðeina sem þú sjálf(ur) telur vera listaverk.)

Já	84%	=> sp 6
Nei	16	=> sp 9

Spurning 6

Mig langar til að lesa nöfnin á nokkrum algengum tegundum listaverka sem fólk hefur oft á heimilum sínum. Geturðu sagt mér hvort þú eigir eitthvað af eftirtöldu?

	Já	Nei	Ekki viss
Listrænar ljósmyndir	42%	57	1
Skúlptúrar eða litlar styttur	75%	25	*
Málverk, teikningar eða grafíkverk	92%	8	*
Eftirmyndir af upprunalegum listaverkum	52%	47	1

Spurning 7

Þegar þú velur málverk, ljósmyndir eða aðrar tegundir listaverka fyrir heimili þitt, hvort finnst þér að þú hallist meira að nútímalegum eða hefðbundnum stíl?

Nútímalegt	18%
Hefðbundið	58
Blandað	15
Gerir ekki upp á milli	6
Ekki viss	3

Spurning 8

Ef þú yrðir að gera upp á milli myndlistar mismunandi þjóða, list hvaða lands eða heimsálfu myndirðu helst kjósa? (LESA LISTANN. EKKI BREYTA RÖÐINNI.)

Asísk	4%
Amerísk	3
Afrísk	4
Íslensk	38
Evrópsk (önnur en íslensk)	33
Annað	*
Ekki viss	18

Spurning 9

Hvor þessara umsagna á betur við þig? (VÍXLA.)



Þegar ég vel málverk, ljósmyndir eða önnur listaverk fyrir heimili mitt legg ég áherslu á að það falli að húsbúnaði eða umhverfi þess ... 14%

Þegar ég vel málverk, ljósmyndir eða önnur listaverk fyrir heimili mitt legg ég fyrst og fremst áherslu á hvort mér líkar við verkið eða ekki. 75%

Bæði	10
Veltur á ýmsu	*
Ekki viss	1

Spurning 10

Og hvort ertu meira fyrir nýja eða gamla hluti til að prýða heimili þitt?



Nýir hlutir	25%
Gamlir hlutir	38
Bæði	6
Ekki viss	1

Spurning 11

Margir eru hrifnir af málverkum sem hafa ákveðið viðfangsefni, til dæmis dýr. Hvort kysirðu frekar að sjá málverk af villtum dýrum (t.d. ísbjörn, refur, hreindýr) eða húsdýrum (t.d. hestur, kind, hundur)?

Villt dýr	57%
Húsdýr	19
Bæði	10
Hvorugt	10
Ekki viss	4

Spurning 12


Og hvort myndirðu segja að þú værir meira fyrir málverk sem sýna þau í sínu náttúrulega umhverfi eða þegar þeim er stillt upp eins og fyrir portrett?

Náttúrulegt umhverfi	91%
Portrett	2
Bæði	2
Hvorugt	2
Ekki viss	3

Spurning 13

Næst langar mig til að spyrja þig samskonar spurningar, en í þetta sinn án hliðsjónar af dýrum. Hvort myndirðu almennt frekar vilja sjá málverk er sýnir útivistvang eða málverk er sýnir innivistvang?

Útivistvangur	80%	=>sp 14-15
Bæði	9	=>sp 14-16
Innivistvangur	4	=>sp 16
Hvorugt	1	=>sp 18
Ekki viss	6	=>sp 18



Spurning 14

Geturðu sagt mér hver af eftirtöldum útistöðum höfðar mest til þín? (LESA LISTANN. EKKI VÍXLA.)

Málverk af skógi eða kjarrlendi	11%
Málverk af vatni, á eða hafi	21
Málverk af fjöllum, hrauni eða óbyggðum	41
Málverk af túnum eða engjum	3
Málverk af borg	1
Málverk af húsum eða öðrum mannvirkjum	5
Ekkert af ofantöldu	2
Skiptir ekki máli	7
Veltur á ýmsu	8
Ekki viss	1

Spurning 15

Og hvaða árstíð vildirðu helst vilja sjá í slíku málverki? (LESA LISTANN.)

Vetur	8%
Sumar	20
Vor	13
Haust	44
Skiptir ekki máli	9
Veltur á ýmsu	5
Ekki viss	1

Spurning 16

Segðu mér: Hver af eftirtöldum tegundum málverka af innivettvangi höfðar mest til þín?

Myndir af ávöxtum	4%
Myndir af blómum	13
Myndir af húsmunum	7
Myndir af fólki	36
Myndir af dýrum	10
Skiptir ekki máli	13
Veltur á ýmsu	12
Ekki viss	5

Spurning 17

Hvort finnst þér að þú sért meira fyrir málverk er tengjast trúmálum eða málverk sem tengjast þeim ekki?

Trúarleg málverk	9%
Ótrúarleg málverk	72
Bæði	10
Veltur á ýmsu	4
Ekki viss	5

Spurning 18

Segðu mér þá hvort þessara sjónarmiða liggur þér nær hjarta (VÍXLA.):

Málverk ættu helst að þjóna einhverjum æðri tilgangi, eins og til dæmis að fá skoðandann til að hugsa um listina og lífið á annan hátt en hann gerir venjulega ... 22%

Málverk þurfa ekki endilega að miðla einhverjum boðskap, það nægir að fólk hafi gaman að horfa á þau. 69%

Bæði	5
Veltur á ýmsu	1
Ekki viss	3



Spurning 19

En hvað með þessi viðhorf? Hvort er þér meira að skapi? (VÍXLA.)

Raunsæisleg málverk; því meira sem þau líkjast ljósmynd þeim mun betra ... 53% =>sp 24

Óraunsæisleg málverk; ef þau eru of raunsæisleg gæti maður allt eins verið að horfa á ljósmynd. 26% =>sp 20-23

Bæði	8	=>sp 22
Veltur á ýmsu	7	=>sp 26
Ekki viss	6	=>sp 26



Spurning 20

Hvort fellur þér betur í geð, málverk sem ýkja raunveruleikann eða málverk sem eru algjörlega abstrakt og hafa ekkert með raunveruleikann að gera?

Ýkja raunveruleikann	59%
Algjörlega abstrakt	20
Veltur á ýmsu	16
Ekki viss	5

Spurning 21

Hvað með formgerðina? Hvort finnst þér meira gaman að þungum og kröftugum formum eða léttum og leikandi?

Þung og kröftug form	23%
Létt og leikandi form	54
Veltur á ýmsu	19
Ekki viss	4

Spurning 22



Og hvort ertu meira fyrir í listaverkum, hvöss horn eða ávala boga?

Hvöss horn	19%
Ávalir bogar	51
Veltur á ýmsu	23
Ekki viss	7

Spurning 23

Hvort líkar þér betur við, jöfn og skipuleg mynstur eða tilviljunarkennd og ójöfn mynstur?

Jöfn og skipuleg mynstur	22%
Tilviljunarkennd og ójöfn mynstur	59
Veltur á ýmsu	16
Ekki viss	3



Spurning 24

Viltu sjá tjáningarrík pensilför á striganum eða viltu frekar að pensilförin séu fingerð og næstum ósýnileg líkt og í ljósmynd?

Áberandi pensilför	47%
Óáberandi pensilför	28
Veltur á ýmsu	20
Ekki viss	5

Spurning 25

Ög hvað með sjálfa málninguna? Hvort ertu yfirleitt hrifnari af málverkum sem hafa þykka og hrjúfa áferð eða málverkum sem hafa slétta og fellda áferð?

Þykk og hrjúf áferð	36%
Slétt og felld áferð	30
Veltur á ýmsu	27
Ekki viss	7

Spurning 26



Snúum okkur þá aftur að litum: Viltu sjá litina blandast eða viltu að ólíkum litum sé haldið sem mest aðgreindum?

Vill að litirnir blandist	62%
Aðgreindir	15
Veltur á ýmsu	18
Ekki viss	5

Spurning 27

Nú hafa litir mismunandi blæbrigði. Svona almennt á litið, hvort ertu yfirleitt hrifnari af sterkum litum, ljósum litum eða dökkum litum?

Sterkir litir	34%
Ljósir litir	27
Dökkir litir	18
Veltur á ýmsu	18
Ekki viss	3



Spurning 28

Og hvort höfðar venjulega meira til þín, málverk í alvarlegum tón eða málverk í gamansömum tón?

Alvarlegur tónn	33%
Gamansamur tónn	31
Veltur á ýmsu	29
Ekki viss	7

Spurning 29

En hvað með viðfangsefnið? Viltu að mikið sé um að vera og sjá margt fólk eða hluti, eða viltu heldur að myndefnið sé eins einfalt og látlaust og hugsanlegt er?

Mikið um að vera	23%
Einfalt og látlaust	47
Veltur á ýmsu	26
Ekki viss	4

Spurning 30

Hvað með stærðina? Hvort ertu meira fyrir stór málverk eða lítil málverk?

Stór	32%	=>sp 31
Lítill	29	=>sp 32
Veltur á ýmsu	36	=>sp 33
Ekki viss	3	=>sp 33

Spurning 31

Myndi það vera á stærð við þvottavél, ísskáp eða stóran vegg?

Þvottavél	57%	=>sp 33
Ísskápur	22	=>sp 33
Stór veggur	15	=>sp 33
Veltur á ýmsu	5	=>sp 33
Ekki viss	1	=>sp 33

Spurning 32

Myndi það vera á stærð við 19 tommu sjónvarp, tímarit eða litla bók?

19 tommu sjónvarp	67%
Tímarit	17
Lítil bók	6
Veltur á ýmsu	9
Ekki viss	1

Spurning 33

Sum málverk eru af frægu fólki á meðan önnur sýna óbrotna alþýðuna. Hvort finnst þér meira varið í málverk af frægu fólki eða venjulegu fólki? Eða finnst þér það aukaatriði?

Frægt fólk	3%	=>sp 34
Venjulegt fólk	52	=>sp 35
Aukaatriði	42	=>sp 35
Ekki viss	3	=>sp 36


Spurning 34

Viltu sjá löngu liðnar persónur á borð við Jónas Hallgrímsson eða Jesús Krist, eða ertu meira fyrir persónur sem standa okkur nær í tíma, eins og til dæmis Vigdís Finnbogadóttur eða Bubba Morthens?

Sögulegar persónur	37%	=>sp 36
Lifandi persónur	26	=>sp 36
Veltur á ýmsu	29	=>sp 36
Ekki viss	8	=>sp 36

Spurning 35

Viltu sjá málverk sem sýna aðallega börn, konur eða karla? Eða finnst þér það aukaatriði?



Börn	9%
Konur	3
Karlar	*
Aukaatriði	86
Ekki viss	2

Spurning 36

Ef þú hugsar aðeins til þeirra málverka sem hrífa þig og sýna fólk, geturðu sagt mér hvort það er yfirleitt að störfum, í makindum sínum eða uppstillt?

Að störfum	58%
Í makindum sínum	13
Uppstillt	12
Ekki viss	17

Spurning 37


Hvort kanntu betur við að sjá málverk af einni manneskju eða hópi fólks?

Ein manneskja	25%
Hópur fólks	36
Veltur á ýmsu	31
Ekki viss	8

Spurning 38

Og ef þú dæmir út frá því sem þú hefur séð, hvort kanntu betur við að sjá fólk í málverkum nakið, léttklætt eða alklætt?

Nakið	6%
Léttklætt	25
Alklætt	23
Veltur á ýmsu	43
Ekki viss	3



Spurning 38


Spurning 39

Mig langar núna til að lesa upp nöfnin á nokkrum þekktum listamönnum, bæði lífandi og látnum. Geturðu sagt mér hvort list þessara manna virkar mjög jákvætt á þig, jákvætt, hlutlaust eða neikvætt á þig. Nöfn sumra þessara listamanna eru minna þekkt en önnur, þannig að ef þú hefur aldrei heyrt þeirra getið eða vantar meiri upplýsingar um list viðkomandi til að hafa skoðun á henni þá skaltu alveg vera ófeimin(n) við að segja það.

	Mjög jákvætt	Jákvætt	Hlutlaust	Neikvætt	Þekkir ekki
Pablo Picasso	11%	43	18	14	14
Jóhannes Kjarval	25%	54	12	5	4
Salvador Dali	9%	24	19	16	32
Þórarinn B. Þorláksson	3%	12	11	2	72
Svavar Guðnason	5%	17	14	7	57
Rembrandt	15%	35	13	3	34
Louisa Matthíasdóttir	11%	21	11	5	52
Claude Monet (Clod Moni)	8%	13	9	2	68
Erró	23%	39	14	22	2
Jackson Pollock	1%	4	8	2	85
Georg Guðni	1%	4	9	1	85

Spurning 40

Vendum okkar kvæði í kross. Ef þú gætir valið á milli að snæða kvöldverð með vel þekktum myndlistarmanni, leikara, rithöfund, íþróttastjörnu, stjórnmálamanni, fréttamanni eða poppstjörnu, hvern myndirðu velja?



- | | |
|--------------------------|-------------------------|
| ① Pablo Picasso | ⑦ Louisa Matthíasdóttir |
| ② Jóhannes Kjarval | ⑧ Claude Monet |
| ③ Salvador Dali | ⑨ Erró |
| ④ Þórarinn B. Þorláksson | ⑩ Jackson Pollock |
| ⑤ Svavar Guðnason | ⑪ Georg Guðni |
| ⑥ Rembrandt | |

Myndlistarmaður	13%
Leikari	15
Rithöfundur	13
Íþróttastjarna	13
Stjórnmalamaður	8
Fréttamaður	10
Poppstjarna	6
Enginn þessara	8
Ekki viss	14

Spurning 41



Hvað er hámarks upphæð sem þú værir til í að greiða fyrir listaverk sem virkilega heillaði þig? (LESA LISTANN.)

0-5 þúsund	4%
5-15 þúsund	8
15-30 þúsund	13
30-60 þúsund	19
60-120 þúsund	15
120-240 þúsund	5
240-500 þúsund	6
>500 þúsund	4
Ekki viss	26

Spurning 42

Hversu oft á ári að meðaltali myndirðu segja að þú færir á listasöfn; oftast en fimm sinnum, tvisvar til þrisvar, sjaldnar en tvisvar, minna en einu sinni eða aldrei?

Oftast en fimm sinnum	16%
Tvisvar til þrisvar	23
Sjaldnar en tvisvar	20
Minna en einu sinni	19
Aldrei	20
Veltur á ýmsu	2
Ekki viss	*



Spurning 43

Ertu með eða á móti stærra ríkisframlagi til myndlistar í landinu, en það nam að meðaltali um 1040 krónum á hvern skattgreiðanda á síðasta ári (1994)? Eða viltu kannski láta afnema það með öllu?

Með	36%
Á móti	13
Afnema	13
Óbreytt	24
Ekki viss	14

Spurning 44

Líturðu á þig sem vinstrimann, hægrimann eða miðjumann í pólitík?

Vinstrimaður	21%	=>sp 46
Hægrimaður	17	=>sp 46
Miðjumaður	36	=>sp 45
Annað	1	=>sp 46
Neitar að svara	4	=>sp 46
Ekki viss	21	=>sp 46

Spurning 45

(EF MIÐJUMAÐUR:) Hvort finnst þér þú vera meira frjálslyndur eða íhaldssamur?

Frjálslyndur	68%
Íhaldssamur	16
Annað	2
Neitar að svara	1
Ekki viss	13

Spurning 46

Búseta?

Höfuðborgarsvæði	57%
Dreifbýli úti á landi	8
Þéttbýli úti á landi	35

Veltur á ýmsu


Ekki viss

Stór veggur

Ísskápur

Spurning 31

Þvottavél



Spurning 47

Hver er skólamenntun þín?

Skyldunám (barna/unglinga/fullnaðarpróf)	21%
Gagnfræða-, landspróf	22
Stúdentspróf	13
Iðnskóla/vélstjóra/stýrimannapróf ofl.	18
Hjúkrunar/kennara/versl/fóstru	6
Próf á háskólastigi	14
Annað:	6

Spurning 48

Við hvaða atvinnugrein vinnur þú?

Iðnað	13%
Landbúnað	3
Opinbera þjónustu	25
Verslun og önnur þjónusta	24
Sjávarútveg (fiskveiðar/vinnsla)	8
Heimavinnandi (eingöngu)	7
Nemi	14
Öryrki	1
Atvinnulaus	2
Annað	3

Spurning 49

Hverjar eru mánaðartekjur allra einstaklinga á heimilinu fyrir skatta?

<50 þús	1%
50-99 þús	12
100-149 þús	16
150-199 þús	15
200-249 þús	12
250-299 þús	5
300-349 þús	5
350-399 þús	2

400-449 þús	2
> 450 þús	2
Veit ekki	20
Neitar að svara	8

Spurning 50

Kyn?

Karl	50%
Kona	50

Spurning 51

Fæðingarár? 19 (2 stafir)

Skráning fæðingarárs gaf til kynna að úrtakið endurspegli aldursdreifingu þjóðarinnar vel.

Hagvangur hf. 1995

(Hannes Sigurðsson sá um að velja, þýða og laga spurningarnar að íslenskum aðstæðum.)

Komar og Melamid: *Áfram til fullnaðarsigurs*
kapítalismans, 1980



Málað eftir tölum: Myndlist fyrir fólkið

Á vissan hátt er þetta hefðbundin hugmynd vegna þess að trú á tölur er fólki svo eðlislæg, og þannig hefur það verið allt frá því að Platon sá fyrir sér heim sem byggður er á tölum. Þegar myndhöggvarar í Grikklandi til forna vildu skapa ímynd hins fullkomna mannslíkama mældu þeir líkamsbyggingu fallegustu kariatanna og kvennanna og tóku meðaltalið. Á þennan hátt bjuggu þeir til höggmyndir sem lýstu hinni fullkomnu fegurð. Í grundvallaratriðum erum við að gera það sama. Þetta er ekkert nýtt. Við trúum á tölur og tölur ljúga aldrei. Tölur eru saklausar. Þær tákna óvefengjanlegar upplýsingar. Þær segja okkur ekkert um persónuleika manna en þær segja okkur hins vegar heilmikið um hugmyndir og það hvernig þessi heimur okkar virkar. Þetta er hinn stóri sannleikur, að svo miklu leyti sem við getum komist að honum. Sannleikurinn er tala. — Alexander Melamid

Öfugt við flesta kollega sína standa Komar og Melamid gallharðir á því að listin eigi að ná til fjöldans og virkja hann til þátttöku. Mestu listamenn heimsins, fullyrða þeir af sinni alkunnu tvíræðni, er ekki að finna í neinum söfnum; það eru einvaldar á borð við egypsku faraóanna, Stalin, Hitler og Mussolini! Af hverju? Vegna þess að þeir höfðu ekki einungis mótandi áhrif á listir síns tíma heldur samfélagið eins og það lagði sig — þeir bjuggu til úr því eina allsherjar pólitíska innsetningu, ef svo má segja. Væri þessu nýstárlega gildismati beitt á „aðrar tegundir myndlistar“ myndi Mona Lisa sennilega tróna í efsta sæti sem stórkostlegasta listaverk listasögunnar vegna þess að hún hefur snert líf svo margra. Nútímalistinn fengi til samanburðar varla háa einkunn á þeim gæðaskala. Almennigur veit lítil sem engin deili á helstu fulltrúum hennar (með vissum frávikum þó): 85 prósent íslensku þjóðarinnar þekkir ekki Jackson Pollock, samkvæmt skoðanakönnun Hagvangs, og 72 prósent aðspurðra höfðu aldrei heyrt á Þórarin B. Þorláksson minnst, einn helsta brautryðjanda okkar. Aftur á móti vissu 98 prósent hver Erró er — 2 prósent fleiri en þekjja Kjarval!

Niðurstaðan, sem í sjálfu sér kemur ekki á óvart, er sú að almennigur kærir sig yfirleitt kollóttan um myndlist. Og það áhugaleysi virðist fara vaxandi eftir því

sem hún verður „nú tímalegri“. Samtímalistin kemur með öðrum orðum nánast ekki öðrum við en þeim sem tengjast henni beint eða óbeint með einhverjum hætti. Og skipti hún almenning hérumbil engu máli getur hún tæplega verið mikilvæg fyrir þjóðarbúskapinn á liðandi stund.

Rödd fólksins

Sem yfirlýstir marxistar (að vísu vel efnum búnir) líta Komar og Melamid á það sem heilaga skyldu að koma til móts við listrænar kröfur fólksins. Til að þjóna sínum raunverulega yfirboðara, smekk fjöldans, fengu þeir því nafnkennt bandarískt vettvangskönnunarfyrirtæki, Marttila & Kiley, til að gera itarlega úttekt á viðhorfi almennings til myndlistar, og í framhaldi af því máluðu þeir tvö málverk: *Eftirsóttasta* og *Síst eftirsóttá málverk bandarísku þjóðarinnar*. Afraksturinn sýndu þeir svo í Alternative-safninu í New York 1994 ásamt átta línuritum (eins konar stafrænu afbrigði af ameríska Color Field-málverkinu), einu kökuriti og einu stöplariti í líki naumhyggjuskúlptúra sem drógu fram ýmsar tölfræðilegar breytur eins og menntun á móti uppáhaldslit, tekjur á móti viðfangsefni o.s.frv.

Eftirsóttasta málverk bandarísku þjóðarinnar, meðalstór stofumynd í anda Hudson River-skólans af George Washington, þremur sumarklæddum orlofsþegum og tveimur dádýrum við lognstíllt stöðuvatn, á að innihalda alla þá sjónrænu þætti sem falla innlendum að jafnaði mest í geð. *Síst eftirsóttá málverk bandarísku þjóðarinnar* sýnir hins vegar hrjúfa, skræpotta þríhyrninga í ruglingslegri skipan.

Stuttu síðar létu Komar og Melamid framkvæma svipaða könnun í Rússlandi. Útkoman er sláandi keimlik, nema að í stað hins galvaska George Washingtons í sínum 18. aldar skrúða hittum við fyrir Krist þar sem hann situr í þungum þönkum undir völdugu grenitré. Raunsæisleg túlkun og heiðrik náttúrustemning einkennir bæði eftirlætismálverk þjóðanna, og í báðum tilvikum ræður blái litaskalin ríkjum. Eini munurinn á síst eftirsóttu málverkunum virðist á hinn bóginn vera stærðin, það bandaríska er minna.

En Komar og Melamid létu ekki þar við sitja. Svipaðar skoðanakannanir hafa þegar verið gerðar í einum 12 þjóðlöndum (Þýskalandi, Finnlandi, Danmörku, Frakklandi, Tyrklandi, Svíþjóð, Keníu, Skotlandi og Úkraínu) en Ísland var með þeim fyrstu í röðinni þótt árangurinn sé fyrst að birtast núna. Og innan tíðar verður leikurinn endurtekinn á Indlandi og í Kína sem hingað til hefur sloppið við skoðanakannanir. Þannig ætla þeir að halda áfram koll af kalli næstu tvö árin uns þeir telja sig hafa

nægilegar upplýsingar til að mála — þú átt kollgátuna — *Eftirsóttasta málverk í heimi.*

Upprunalega ætluðu Komar og Melamid að mála nokkur verk eftir smekk hinna ólíku þjóðfélagshópa; mynd fyrir fólk með yfir fimm milljónir í árstekjur og aðra fyrir þá sem lifa á matarmiðum; mynd fyrir háskólafolk, mynd fyrir grunnskólagengna, mynd fyrir ólæsa og þannig fram eftir götunum. En eins og listin geta skoðanakannanir stundum komið flatt upp á menn. Þegar niðurstöðurnar voru reiknaðar út reyndist fólk almennt sammála um hvað það vildi sjá. Í stað þess að búa til mynd fyrir hina ríku og mynd fyrir fátæka, mynd fyrir hvíta og mynd fyrir svarta, mynd fyrir aldna og mynd fyrir unga, drógu Komar og Melamid því rannsóknina saman í tvö andstæð málverk.

„Viltu sjá litina blandast?“

Hagvangskönnunin, sem lögð var að hérlendum kringumstæðum, náði til eitt þúsund Íslendinga um allt land á aldrinum 18 til 67 ára og stóð hún yfir í samtals 238 klukkustundir. Viðmælendur voru beðnir um að svara 49 valspurningum sem snerust meðal annars um vörukaup, tekjur, menntun, pólitískar skoðanir, listaverkæign, þekkingu á listamönnum og hversu oft fólk heimsæki listasöfn. Flestar spurninganna beindust þó að fagurfræðilegum atriðum á borð við stil, lit, pensiláferð, formgerð, viðfangsefni og stærð. Dæmi: „Hvort finnst þér meira gaman að þungum og kröftugum formum eða léttum og leikandi?“ „Viltu sjá litina blandast eða viltu að ólíkum litum sé haldið sem mest aðgreindum?“

Útkoman er álika kostuleg og sjálf könnunin. Blár (með 31% fylgi) er vinsælasti liturinn í málverki, því næst grænn (20%) og svo rauður (14%). Myndir af útivettvangi (80%) eiga mun meira fylgi að fagna en lýsingar á innivettvangi (4%). Meira en helmingur svarenda (53%) kýs raunsæisleg málverk sem líkjast ljósmynd fremur en algjörlega óhlutbundinn tjáningarstil (20%), og 59 af hundraði finnst ákjósanlegt að raunveruleikinn sé ýktur (sem kann að útskýra þetta dularfulla fimm mannhæða háa tré í myndinni). Langflestir álita að myndlist þurfi ekki endilega að miðla boðskap (69%), til að mynda trúarsjónarmiðum (72%). Fæstir, eða 19 af hundraði, eru reiðubúin að greiða meira en 60 þúsund krónur fyrir listaverk sem þeir eru virkilega hrifnir af, og aðeins 6 af hundraði gætu hugsað sér að hafa málverk af nakinni manneskju fyrir augum. 41 prósent landsmanna tekur jákvætt undir málverk af fjöllum, hrauni eða óbyggðum að haustlagi (44%) á meðan rúmlega einn tuttugasti óskar heldur að myndefnið tengist borgum (1%), húsum eða öðrum mannvirkjum

(5%). Um helmingur aðspurðra er hrifnari af ávölum bogum (51%) en hvössum hornum (19%), og yfirgnæfandi meirihluti vill að málverk séu á stærð við þvottavél (57%) eða 19 tommu sjónvarp (67%). Íróniuskammturinn heldur einungis áfram að margfaldast eftir því sem könnunin, sem útfærð var samkvæmt vísindalegum kröfum, er brotin niður í fleiri tölfræðileg smáatriði.

Skáldað í Þjóðarsálinu

Ef frá er talið „hneykslið“ sem ljósmyndarinn Robert Mapplethorpe olli í lok síðasta áratugar hefur sennilega enginn listviðburður vakið meiri eftirtekt að undanfögnu úti í hinum stóra heimi en þetta rannsóknaverkefni Komars og Melamids á myndlistarsmekk fólksins. Gamansama útúrsmúninga þeirra á innstu merkingu listarinnar (hún hefur lengi gert tilkall til þeirra forréttinda og skyldna að upphefja smekk manna) samhliða harðsoðinni markaðssetningu (er höfðar til flatneskjulegra innkaupadrauma) mætti auðveldlega túlka sem örvæntingarfulla tilraun til að reyna að fanga athyglina. Og afraksturinn sem enn einn kokteilhristinginn í viðbót á hugtökunum hálist-láglist. Það er líka afar hæpið að hægt sé að draga upp mynd af „meðaltalssmekk“ heillar þjóðar út frá jafn hráum tölfræðilegum staðreyndum og raun ber vitni. Eftirsóttasta málverk íslensku þjóðarinnar er því í raun afbökun á ímynduðu fyrirbæri, og þeir félagarnir hafa mátt leggja sig alla fram við að fylla í eyðurnar þar sem prósentutölunum sleppti.

Eins og í öllum skoðanakönnunum ræður eðli spurninganna mestu um eðli útkomunnar. Bróðurpartur Hagvangskönnunarinnar snerist um lit, stíl, stærð og myndbyggingu, með öðrum orðum um formlega eiginleika. Engin tilraun var gerð til að varpa ljósi á þau margvíslegu merkingarblæbrigði eða þá upplifun sem fólk kann að verða fyrir þegar það skoðar listaverk vandlega. Flókin fagurfræðileg viðbrögð eru þannig lögð að jöfnu við álika einfaldan hlut og að versla til daglegra þarfa; þetta helgibrot verður að teljast hluti af „mega-brandaranum“. Þess utan skemmta Komar og Melamid sér við að valhoppa yfir undirstöðuatriði rökfræðinnar. Það sem satt kann að vera um einn þátt þarf ekki nauðsynlega að gilda um heildina. Til að mynda: Allir leikmenn liðsins eru góðir, þar af leiðandi hlýtur liðið að vera gott. Ef svo væri hefðum við líklega ekki orðið eins oft fyrir vonbrigðum með frammistöðu landsliðsins okkar. Og það að segja að ég sé hrifinn af bláum lit þýðir náttúrlega ekki endilega að ég sé hrifinn af bláum lit *í þessu ákveðna samhengi*. Það er því blátt áfram rangt að álykta að verk sem gert er úr öllum eftirsóknarverðustu pörtunum muni sjálfkrafa reynast eftirsóknarverðasta heildin.

Fleiri vankanta má ugglaut tina til. Hvernig geta tveir (vodka-blautir) Rússar

sem aldrei hafa til Íslands komið og vita nánast ekkert um landið, nema það sem þeir hafa séð í nokkrum glanstúristabókum, málað sjálfa þjóðarsálina? Þeir sækja „andagiftina“ í andlaust tölvuúrtak og þykjast svo getað túlkað einhvern sameiginlegan fegurðarsmekk Frónbúal Eftirsóttasta málverk íslensku þjóðarinnar er vissulega enginn „interaktífur“ Kjarval í stuði með Guði og landvættunum. Það er fremur sem Kjarval hafi farið aftur í timann, heimsótt Barbizon-skólann eða meistara Constable og orðið fyrir óbætanlegum listrænum skaða. „Öll tjáningin“ liggur þar að auki fyrir utan verkið í sjálfu *konseptinu*, þessu útjaskaða stikkorði sem listamenn bregða gjarnan fyrir sig vilji þeir sýnast dýpri en þeir eru. Samt dirfast Komar og Melamid að láta út úr sér að þrátt fyrir hörgul á hlutlausum gagnrýnendum þá séu þeir í hópi bestu listamanna: „Í þeim hópi eru Raphael, Leonardo, Rembrandt og við.“ En þeir hafa einnig fullyrt að merkilegasti skerfur þeirra til listasögunnar sé fullkomið stilleysi: „Á miðjum niunda áratugnum breyttum við um stil á hverjum degi — í fimm ár. Ef við höfðum til dæmis sumblað mikið um kvöldið var best að vera afstrakt-expressjónisti morguninn eftir. En ef við höfðum dreypt á tei yfir gáfulegum samræðum kvöldið áður gátum við sett okkur í stellingar og málað afstrakt-geómetrískar myndir næsta dag, sem krefjast miklu meiri einbeitingar, og svo framvegis . . . Still, hæfileikar, þekking og gáfur ráða ekki hvort listaverk er dæmt gott eða slæmt. Það er eitthvað miklu tilviljunarkenndara.“ — Kannski jafn tilviljunarkennt og það að „Íslendingar borða SS pylsur“. Hver veit?

Kjarni málsins

Að dæma uppátækið dautt og ómerkt út frá slíkum aðfinnslum er að fara á mis við hina „dýpri“ merkingu könnunarinnar. Eru eftirsóttustu málverk þjóðanna algjörlega sósíalísk eða algjörlega lýðræðisleg að inntaki? *Val fólksins*, eins og Komar og Melamid kalla verkefnið, er ekki viðleitni til að koma á laggirnar áður óþekktri tegund af „alþýðumyndlist“. Á sama hátt og hjá markaðskönnunarfyrtækjunum sem þeir beita fyrir sig er ætlunin fyrst og fremst sú að skapa almenna umræðu — eða að minnsta kosti yfirbragð almennrar umræðu. Hvernig svo sem hið „eina sanna“ listaverk fjöldans kynni að lita út er harla ósennilegt að það væri *svona*. Eða hvað? Í þjóðfélögum þar sem almannatengsl einkennast af sífelldum vinsældakönnunum og skoðunum fjöldans virðist stjórnað í gegnum dáleiðandi talnaþulur, er það þá ekki nákvæmlega þetta sem maður fær? Málamiðlun. Afskræmingu. „Þriðja flokks málverk“.

Komar og Melamid eru hvorki tækifærissinnar („situation-istar“) að gera sér mat úr uppákomufíkn fjölmiðlanna né einhverjir popplistaralgöpar sem beita öllum

andfagurfræðilegum ráðum til að komast í sviðsljósið. Það er altént ekki eina markmið þeirra. Með Vali fólksins hefur þeim tekist að ýkja hina „lýðræðiskjörnu meirihlutaskoðun“ svo gríðarlega að fáránleiki fólksunarinnar ætti að vera nístandi augljós. Könnunin endurskilgreinir samband listamannsins og viðskiptavinarins (sem allt frá því að hið frjálsa markaðsþjóf félag ruddi sér til rúms hefur grundvallast á hinu svokallaða listræna frelsi höfundarins) um leið og hún beinir augum okkar að því hvernig valdaöflin „kreista út“ samþykki í formi herra prósentuhlutfalls: „Ef við höfum rangt fyrir okkur þá hefur öll þjóðin rangt fyrir sér,“ sögðu Komar og Melamid, greinilega staðfastir í trúnni, við bandarískt dagblað þegar úrslitin lágu fyrir. „Við erum ekki að ráðast á kerfið, guð forði okkur frá því. Þetta snýst um að reyna að sjá kerfið. Ef það að nota skoðanakannanir til að búa til myndlist er rangt þá er allt kerfið rangt, framleiðsluvörur þess og pólitísk skipan. Við höfum jafn rangt fyrir okkur og Clinton.“

Hvað voru þeir eiginlega að gefa til kynna? Jú, að opinberar viðhorfsmælingar geta alið jafn auðveldlega af sér forsetaframbjóðendur og neytendur fyrir dömubindi. Nánast hvað sem er. Slik röksemdafærsla höfðar mjög til fréttasmala, því þótt helsta verslunarvara fréttamenskunnar séu endurunnar skoðanir, uppðubbaðar sem málefnalegur flutningur, „kjarni málsins“, og hún nærast að miklu leyti á niðurstöðum markaðsrannsóknna og simkosninga, einkum þegar „stórt er spurt“, veitir það henni aukinn trúverðugleik að gefa í skyn að skoðanakannanir segi ekki alla söguna þegar allt kemur til alls. Hana segir náttúrlega fjölmiðillinn sjálfur. Fyrir utan dreifingu á lýðræðissamningnum og innheimtu „undirskrifta“ fyrir hitt og þetta byggjast almannatengsl fjölmiðla aðallega á því að skara eld að eigin prósentuköku. Og um sálfræðilegan „staðreyndamátt“ þeirra skyldi enginn efast.

Eðlilegur liður í umhverfi framtíðarinnar

Hvers konar tölfræði (statistik) er lykilatriði í valdataekni lýðræðisríkja um allan hinn „bananalýðræðislega“ heim þótt talnadyrkunin hafi hvergi náð meiri fótfestu en á Vesturlöndum. (Orðið *statistik* er náskýlt þýska orðinu *Staat*, eða ríki, og tilurð þessarar „vísindagreinar“ er óaðskiljanleg frá uppgangi þjóðríkjanna.) Í samræmi við ákvæði bandarísku stjórnarskrárinnar um rétt kosningarhlutfall þingfulltrúa urðu hverskonar „samþykkisprófanir“ ómissandi þáttur í ríkisrekstrinum. Bæði þar og víðast hvar annars staðar. Nútíma skoðanakannanir má hins vegar rekja aftur til forrita sem þróuð voru í kalda stríðinu til að líkja eftir bardagaátökum út frá breytilegum forsendum. Á sama hátt og auglýsingar voru notaðar til að vernda neyklusamfélagið fyrir spillandi áhrifum fasískra og kommúnískra aflu urðu tölvuvæddar markaðsrannsóknir

helsta vörn hins frjálsa heims í stríðinu gegn hugarárásum óvinarins á bláeygan lýðinn. Vöndu mennirnir hafa horfið hver á fætur öðrum eins og dögg fyrir kapitalískri velferðarsólu, en líf okkar er eftir sem áður umlukið tölfraeðilegum athugunum á alla járnefnda kanta. Varla er til sú þörf sem ekki hefur verið snúið yfir í hlutfallstölu og hún mótuð og löguð að meginhagsmunum kerfisins — eigin viðhaldi — hvort sem um er að ræða sjónvarpsáhorf, auglýsingar, gáfnapróf, heilsugæslu, vegagerð, tryggingar, bingó-lottó, atvinnumiðlun, verðbréf, húsbréf, lánsklaravísitölu eða verga þjóðarframléiðslu. Nánast allt mannlegt nema listsköpun — þar til Komar og Melamid mættu á vettvang.

Hernaðartækni markaðsfræðinnar er komin á þvilíkt stig að það er ekki á færi nema tvídoktoreraðra sérfræðinga frá allra-finustu háskólunum að gera henni viðunandi skil. Íðorðin ein og sér slaga upp í stærðina á íslenski samheitaorðabók, en málfræði þessa tungumáls byggist upp á því að ef ekki er hægt að setja markaðslegt gildi á hlutinn er hann x-sinum-kvaðratrótin-af-ég-hef-ekki-minnstu-glóru-í-áttunda-veldi nákvæmlega einskis virði. Og það sama á við um tilfinningaleg gildi sem er kapituli út af fyrir sig í tölfraeðinni. Meira að segja hjá Vegagerð ríkisins eru mannlíf tekin inn í dæmið og þau reiknuð til arðsemi; eins dauði er niðurfærður rekstrarkostnaður hafi verið gert fyrir fráfalli tveggja. Tölvustýrðar fiskverkunarvélar, sem geta „leiserkalkúlerað“ bilið á milli roðs og kjöts, hafa alfarið tekið við af „ja-sko-við-höfum-nú-alltaf-gert-þetta-svona“. Nema náttúrulega um sé að ræða ofur-vistvænt súper-kappflökunarmót á Reykjavíkurhöfn að viðstöddum borgarstjóra (verst að það voru útlendingar sem oftast unnu).

Gluggum rétt sem snöggvast í þennan nýja orðaforða markaðsfræðinnar sem málverndunarsinnar hafa ekki undan að tollafgreiða og þýða yfir á okkar gegnsæja ylhýra mál: Arðsemisútreikningar, innri vextir, „consumer findings“, núvirði, áhættufælni, „focus group tests“, áhættudreifing, „cost and benefit“, næmnisathugun, breytunæmni, næmnisstjarna, „cost drivers“ og bestun, sem mun vera afsprengi burðarþolsfræðinnar. Hugtakið bestun er skilgreint sem „hluti af þróun sem er eðlilegur liður í umhverfi framtíðarinnar, en það er að veita málinu brautargengi á eins skömmum tíma og kostur er og beina því í viðunandi farveg“. Séu menn ekki alveg með á nótunum þá láí þeim enginn.

Meningarfjandskapur fólksins

En rannsókn Komars og Melamids slær á fleiri (ögrandi) strengi. Nú þegar mörgum virðist sem aðeins eigi eftir að bókfæra hugmyndafræðilegt gjaldþrot framúrstefnunnar

færir *Val fólksins* myndlistarmönnum nýjan tilverugrundvöll með því að afnema þau sögulegu friðindi þeirra að fá að „leika lausum hala“. Listrænir verðleikar eru lagðir að jöfnu við „visindalegan sannleik“ sem skal hafinn yfir faglegan smekk. Ef skoðanakannanir segja sannleikann, eða það sem álitid er vera sannleikurinn í síðkapítalisku þjóðfélagi, gæti verið eðlilegt að þær móti myndlistina rétt eins og hvað annað — jafnvel þótt útkoman kunní að vera þrælpúkalegt afturhvarf til listasögunnar? Kynnu þær að vera *raunhæfari* mælikvarði á hvernig til hefur tekist en mat hinna sérfróðu?

Viðbúid er að ýmsum (þeim sömu og telja *Eftirsóttasta málverk þjóðarinnar* lítt aðlaðandi) þætti þetta vera heldur litillækkandi magalending fyrir hálistina. Enda hafa gagnrýnendur og aðrir forsvarsmenn hennar vanalega sýnt listrænum smekk fólksins álika mikinn áhuga og kjarneðlisfræðingar. Í bókmenntum, kvikmyndum og tónlist rennur „hálistin“ og „láglistin“ eftir svipuðum markaðsfarvegum hvað varðar útbreiðslu og neyslumáta; bókinn, myndbandið og hljómdiskurinn eru „opin fyrir öllu“. Öðru máli gegnir um myndlistina. Hún á sér ekki tjáningarform sem komast almennilega í líkingu við spennusöguna, sjónvarpsgamanþættina, hasarkvikmyndina eða popptónleikana. Lýðræðislegt „einræðisgil“ aðskilur mestalla opinbera og einkarekna myndlistarfermi frá hversdagsgeiranum, og gagnrýnendur sem reynt hafa að brúa bilið enda oftast í tilgerðarlegri *kitsch*-dýrkun eða sértrúarsöfnuði Jeffs Koons.

Hvernig fólk klæðir sig og innréttar hýbýli sín, það er hin *raunverulega* alþýðumyndlist. Hún tengist lítt opinberum hugmyndum um list á almannafæri, sem þrátt fyrir góðan ásetning kemur oft fyrir sjónir sem hálfgerður ítroðningur. Eða hvenær hafa forráðamenn leitað álits hjá almenningi við val á útiverkum? Eða haft fyrir því að kanna hvernig honum þóknist verkin eftir að þau eru komin upp? Könnunin virðist bókstaflega slengja þessum spurningum framan í okkur. Skemmst er að minnast illdeilnanna sem urðu fyrir nokkrum árum hinumegin Atlantsála þegar risaferlikið *Tilted Arch* eftir Richard Serra var afhjúpað á Federal-torginu í New York. Íbúarnir létu svo rammt að sér kveða að yfirvöld sáu ekki annan kost en að fjarlægja verkið. Áður fyrr gerði almenningur sér allt að góðu sem að honum var rétt, með einstaka undantekningum þó, eins og þegar *Hafmeyja* Ninu Sæmundsson var sprengd í loft upp í Tjörninni á gamlárskvöld 1959. Nú hikar hann ekki við að áfrýja til dómstóla þegar sá gállinn er á honum.

Listaheimurinn hefur gjarnan vísað til slíkra mótmæla sem merkis um menningarfjandskap fólksins í því skyni að hlúa betur að eigin hagsmunum. Og þótt andspyrnulistin svonefnda („alternative art“) hamri viðstöðulaust á ýmiss konar félagsmálefnum og stofnanapólitik (iðulega í takt við langsóttustu kenningar þóst-móðernismans)

hefur sá sófakommúniski bumbusláttur aðeins orðið til þess að ýta frekar undir einangrun gallerianna og ihaldssemi safnanna. Í millitiðinni hafa hinir útvöldu komið ár sinni fyrir borð hjá því opinbera og þurfa hvorki að taka tillit til skattgreiðenda né þess hvort listaverkin séu yfirhöfuð söluhæf á hinum almenna markaði. (Að gefnu tilefni skal tekið fram að íslenskir myndlistarmenn standa yfirleitt alfarið straum af kostnaði við eigið sýningarhald, og fá sjaldnast fimmeyring til baka.)

Lýð-Ræðið

Skoðanakannanir bera vitni um lítið álit yfirvalda á getu borgaranna til að mynda sér sjálfstæða skoðun. Þegnarnir hafa ekki önnur afskipti af rekstri þjóðarskútunnar en að merkja já-eða-nei við þá kosningavalmöguleika sem þeim eru reglulega skammtaðir. Það er Lýð-Ræðið: „Þessi meðvitund manna um magnleysi sitt í frjálsum þjóðfélögum Vesturlanda sýnir að val á milli tiltekinna neytlukosta er ekki fullnægjandi frelsishugmynd“ skrifar Vilhjálmur Árnason heimspekingur. „Slikt „kjörbúðarfrelsi“ tekur á engan hátt til þess félagslega umhverfis sem skammtar okkur kostina. „Kjörklefafrelsið“ sem við höfum til þess að velja okkur fulltrúa dugar ekki heldur til þess að tryggja lýðnum raunverulega áhrif við mótun samfélags og menningar. Til þess erum við um of seld undir djúprætt valdatengsl og kerfi sem leynt og ljóst ráða hugsun okkar og breytni [...] það er því ekki nóg að skilja lýðræðið einungis út frá frelsi lýðsins til að velja sér fulltrúa með reglulegu millibili.“ („Er frelsið afstætt?“ *Lesbók Morgunblaðsins* 11. nóvember 1995.)

Inntakið í könnun Komars og Melamids er smekkur í sinni viðtækustu merkingu. Þó að í fjótu bragði mætti ætla að þetta afstæða og tiskukennda fyrirbæri komi þegnarréttindum okkar takmarkað við er „smekkurinn“ samt það tonnatak sem heldur neyslusamfélaginu saman, og honum er óspart beitt til að upphefja eða útiloka einstaklinginn frá þátttöku; að hafa smekk jafngildir því að hafa skoðun og það að hafa (rétt) skoðun jafngildir því að tilheyra. Þannig hefur „smekkurinn“ að vissu leyti leyst hefðina af hólmi sem undirstaða þjóðfélagsins. Eða segja má að kapitalisminn hafi leyst stöðugleika hefðarinnar upp í „rótleysi smekksins“ í þeim tilgangi að kljúfa þjóðfélagið niður í æ arðsamari neyslueiningar.

Nálægð markaðarins, sem þrengir sér inn á hvert heimili, gerir það að verkum að við komumst ekki hjá því að verða áþreifanlega vör við þá „smekkbárattu“ sem endalaust er háð um hollustu okkar. Hörðustu átakasvæðin eru þó hvorki galleri né söfn heldur verslanir. Á þessum stöðum hefur almenningur á tilfinningunni að komið sé til móts við smekk hans og þarfir ólíkt því sem gerist í söfnunum þar sem einn

smekkur er öðrum „kjörbúðarsmekk“ betri og sá sem ekki kann gott að meta verður óhjákvæmilega afskiptur. Söfnin eru arftakar þess tíma þegar smekkvísinni var miðstýrt að ofan. Og þrátt fyrir alla tilburði við að laga þau að skemmtanaíðnaðinum með safnarútum og safnaleiðsögn, sælkerakaffistofum, barnaleikherbergjum, gjafavörubúðum og aðsóknartalningu, svona til að vera með í allri samkeppninni, eru þetta fremur þunglamalegar túristagildirur. (Um 60 prósent íslensku þjóðarinnar fer árlega sjaldnar en tvisvar á listasöfn, sem er í hærra lagi miðað við höfðatölu.)

Á tímum tómarúmsins

Val fólksins leysir samtímamyndlistina kannski ekki úr þeim álögum að vera utanveltu í þjóðfélaginu. Gagnrýnin sem í framkvæmdinni felst er líka fyrir löngu orðin akademísk, auk þess sem afraksturinn er gagnert stílaður inn á söfnin en ekki markaðinn. (Málverkin hafa hingað til lent í eigu opinberra safna; Whitney-safnið í New York keypti reyndar bandaríska settið á mjög alþýðlegu verði, eða fyrir um 14 milljónir króna.) Engu að síður hnykkir útkoman á stöðu myndlistarinnar með óvanalega tilþrifamiklum hætti. Ekki svo að skilja að sköpunargáfan sé gengin sér til húðar. Menn máluðu madonnur og dýrlinga öld fram af öld og enginn kvartaði um stöðnun. Hvað þá ófrumleika sem var með öllu óþekktur kvilli. „Vandamál“ myndlistarinnar er fremur tilvistarlegs eðlis. Fyrir hvern er hún „framleidd“ (orðið fer fyrir brjostið á guðhræddum) og hvaða tilgangi þjónar hún í samfélaginu — öðrum en þeim að hafa ofan af fyrir listamönnum sjálfum og aflu (sumum) málsvörum hennar tekna? Að vera handhægt uppfyllingarefni fyrir fjölmiðla? Að fegra ásjónu ríkisins? Bara harla gott?

Eftir að myndlistin tapaði sjónræni einokunarstöðu sinni með tilkomu ljósmyndarinnar á síðustu öld hefur hún kappkostað að brjóta sig til mergjar. Móðernisminn gekk í skrokk á akademísku listinni, og þegar hún lét loks undan síga lagði póst-móðernisminn til atlögu við móðernismann uns rústirnar einar stóðu eftir og öll mótspyrna hefðarinnar var horfin. Síðan á níunda áratugnum hefur nýlistin ýmist fengist við að rógbera sjálfa sig, skreyta tákfræði- og samsæriskenningar franska heimspekiskólans, hossa sér á líkamspólitikinni eða gramsa í rústahaug hefðarinnar eftir *einhverju* til að móða úr. Stundum allt í senn. Á þessu sjálfhverfa þróunarferli hafa reyndar verið gerðar margvíslegar tilraunir til að endurheimta samfélagshlutverk myndlistarinnar, en hún hefur jafnharðan hrökklast inn í skel sína af enn meiri einstrengingshætti.

Hin samfélagslega myndlist hefur aldrei náð fótfestu hér á landi svo heitið geti. Hins vegar voru fyrstu kynslóðir íslenskra listamanna í tiltölulega góðum tengslum

við þjóðarsálina, bæði vegna lýðveldishugsjónarinnar og einsleitni menningarinnar fyrir daga „vídeósins“. Það er því varla við nútímalistina að sakast þótt drjúgur hluti hennar sé illskiljanlegur almenningi. Listin endurspeglar umhverfi. Alþjóðahyggi og aukin sérhæfing hefur sett mark sitt á hana eins og flestallt annað. En ætli myndlistin ekki að daga uppi líkt og einhver óparfa botnlangi í þjóðfélaginu er hætt við að hún verði að endurskoða afstöðu sína.

Við lifum í hálfgerðu siðferðislegu og pólitisku tómarúmi. Leiðtogarnir virðast ófærir um að hafa forystu; gamla flokkakerfið á (eins og þjóðkirkjan) í basli og velferðarsamfélagið veit varla lengur í hvorn fótinn það á að stiga. Til hægri eða vinstri. Tangóinn heldur áfram. Reynslan kennir að þegar svo er ástatt lætur náttúran (þ.e. „náttúra fólksins“) fyrr eða síðar til skarar skriða og æðir *innfyrir*. „Fólkið þráir kjöfestu, ekki frelsi,“ segir Melamid. Það ætti því engan að undra að eftirsóttasta málverkið skuli alstaðar vera landslag. Næstum eins og úr sömu sveitinni.

Svar Komars og Melamids við ástandi myndlistarinnar er í senn kaldhæðislegt og bjartsýnt. *Val fólksins* er borgaraleg árás á varnarvirki hins innblásna smekks, griðastað fagurlistanna. Jafnframt er könnunin liður í því sem kalla mætti endurmenntun listamannanna. Hvort sem uppátækið verður tekið alvarlega eður ei virðast Komar og Melamid vera staðráðnir í því að læra meira og meira um væntingar og fordóma fólksins og finna listinni nýjar tjáskiptaleiðir — „handan við“ gallerið, safnið, tvíæringinn, útverkið og internetið. Um hugsanlegan áhuga almennings á þessari listrænu endurmenntun skal hins vegar ósagt látið (til að fá úr því skorið yrði að gera aðra skoðanakönnun). Fullsnemmt er þó að slá því naglföstu að þetta sé *ekki* það sem fólkið vill. Ekki gleyma að „Jesus Christ Súperstar“ var brautryðjandi í alþjóðlegri markaðssetningu. Þökk sé Guði. Tralli-lalli-lúja.

Hannes Sigurðsson

*Textarnir eftir undirritaðan eru byggðir á fjölda greina og þá sérstaklega umfjöllun Andrews Ross um könnunina sem birtist á heimasíðu Dia Center for the Arts í New York ásamt ítarlegu viðtali við Alexander Melamid um merkingu hennar, sem fer hér á eftir í íslensku þýðingu (Sjá: The Most Wanted Paintings homepage: <http://www.diacenter.org/km/homepage.html>). Á heimasíðunni gefur einnig að líta Eftirsóttustu og Síst eftirsóttu málverk hinna ýmsu þjóða og niðurstöður þeirra skoðanakönnana sem þar voru gerðar auk margvíslegra upplýsinga um listamennina. Þá býst hinum stafræna gesti kostur á að taka þátt í skoðanakönnun sem notuð verður til að búa til Eftirsóttasta og Síst eftirsóttu málverkið á internetinu og verður sú sýning „opnuð“ á næsta ári.

Komar og Melamid: *Áfram til sigurs kommúnismans*, 1972

ВПЕРЕД К ПОБЕДЕ КОММУНИЗМА !

В. КОМАР, А. МЕЛАМИД

Spyrill: Hvert var upphaf þessarar könnunar?

Alexander Melamid: Hún kom í framhaldi af þeim verkum sem við höfðum verið að vinna að á síðustu árum, en með þeim er reynt að komast í samband við almenning í Bandaríkjunum. Að komast einhvernvegin inn í heilastarfsemina hjá honum og verða raunverulegur hluti af þessu þjóðfélagi, sem við tilheyrum að hluta til og að hluta til ekki. Á undanförunum árum höfum við gert okkur far um að ræða við fólkið í Bayonne, New Jersey, þar sem ein af vinnustofunum okkar er. Og ég varð þess visari að þetta fólk virkilega þræði myndlist, en það átti hana ekki vegna þess að við, elitulistamennirnir, þjónum því ekki. Vissirðu, að það er aðeins ein búð í Bayonne sem verslar með málverk? Það eru arabar sem reka hana og þeir selja þessar kóresku landslagsmyndir — hræðilega lélega myndlist. Ég hef komið í margar slíkar búðir — þær skipta milljónum í New York, en það er aðeins ein í Bayonne, því miður. Og mér finnst áhugavert að flestar búðir sem selja fólki myndlist eru í eigu útlandinga. Eitthvað hlýtur að valda því, sem er ástæða þess að við höfum fetað í svipuð fótspor.

Og fólk kaupir þessar hryllilegu myndir. En er það hrifið af þeim? Eða er þetta bara það eina sem það hefur? Ef við spyrjum, þá kannski veitir það okkur svarið. Þar sem vinnustofa okkar í Bayonne er við hliðina á teppavörugueymslu fengum við oft óvænta heimsókn frá vörubílstjórum, sendlum, teppakaupendum. Og þetta fólk sagði: „Heyrðu, okkur langar til að kaupa þetta.“ Einn ungur maður sagði: „Ég skal borga tíu þúsund dollara fyrir þessa mynd.“ Tíu þúsund dollara — það er mjög mikill peningur! Og þetta var ekki kitsmálverk. Þetta var venjulegt elitumálverk. Svo það lá eitthvað í loftinu, en við gátum ekki komið því fyrir okkur. Okkur vantaði fleira fólk.

S: *Svo þið brugðuð á það ráð að leita til markaðskönnunarfyrirtækis? Á náðir visindanna?*

AM: Ég var að velta fyrir mér hvernig hlutirnir virka í þessu þjóðfélagi og með hvaða hætti leiðtogar þessa lands komast í samband við fólk. Hvernig framleiðendur komast í samband við neytendur. Þeir láta gera markaðskönnun. Fyrir skömmu komst ég að því að forsetinn hefur sína eigin skoðunarsérfræðinga, sem taka púlsinn á hverri mínútu. Þeir eru alltaf að athuga hvaða skoðanir fólk hefur. Ég skil forsetann ákaflega vel, því hann vill fá að vita hvaða skoðanir fólk hefur rétt eins og ég. Jafnvel ennþá frekar. En um hvað á að spyrja? Hvar er þetta fólk? Skoðanakannanir eru mjög klunnaleg mælitæki en við höfum engin betri.

S: *En í pólitíkinni eru skoðanakannanir notaðar sem afsökun til að komast hjá því að þurfa í rauninni að skilja hugsanir og vilja fólksins. Sundurlausum skoðunum er umbreytt í eina meginskoðun í krafti vísindanna, sem síðan má beita í þeim tilgangi sem hentar hverju sinni.*

AM: Ég skil hvað þú átt við, en hvort sem um forsetann eða listamanninn er að ræða, þá eru landamæri á milli okkar og fólksins. Það eru vissar tjáskiptaleiðir á milli stéttanna, en þær eru mjög fáar vegna þess að fólk er næstum fullkomlega aðskilið samfélagslega. Leiðtogarnir byggja skoðanir sínar á tölfræðiathugunum, og óbrotin alþýðan les um „Fólk í fréttum“. Annars fá jafnvel lægstu stéttirnar sínar upplýsingar úr niðurstöðum tölfræðiathugana, þannig að kannski eru skoðanakannanir eina tjáskiptaleiðin á milli efstu og neðstu stéttanna. Og það sem skoðanakannanir segja okkur — að því er talið er — er skoðun meirihlutans. Auðvitað má vera að henni sé eitthvað hagrætt, eða að hún sé slitin úr samhengi, en hugmyndin um að til sé einhver meirihlutaskoðun er samt geysilega öflug. Þessi hóphugmynd er virkilega mikilvæg. Ég og félagi minn vorum aldir upp í því að listin tilheyrði fólkinu, og ég trúi því enn, hvort sem þú trúir því eða ekki. Ég trúi því í einlægni að alþýðulist sé betri en höfðingjalist, hvað sem það nú er.

S: *Og hvernig svarar þú fólki sem segir að almenningur viti einfaldlega ekki nógu mikið um myndlist til að geta talist dómbær? Það sjónarmið kom jafnvel fram hjá sumum sem tóku þátt í könnuninni.*

AM: Ég held að það sé mjög varhugavert viðhorf — sem er enn ríkjandi í sjónlistunum, en í nánast engri annarri listgrein — að við þurfum að hafa einhverja sérstaka sögulega þekkingu til að kunna að meta og búa til myndlist. Líttu bara á tónlistina, alla þessa stórkostlegu amerísku popptónlist. Fólk kann ekki að skrifa nótur og samt semur það frábæra tónlist. En við ætlumst til að fólk sem býr til myndlist viti mikið um myndlist. Ég tel að það sé ástæðulaust; við vitum öll nógu um hana vegna

Þess að við erum umvafin henni. Sjáðu bara skreytinguna á veggnum þarna, arkitektúrinn, eftirmyndirnar í tímaritunum — hún er út um allt. Menn vita nógu mikið um myndlist nú þegar til að nota sína eigin dómgreind. Jafnvel þótt við vildum læra meira þá er það rangur útgangspunktur. Í könnuninni spurðum við hversu oft fólk færi á söfn. Kannski er það fróðlegt, en þessi aðsóknarmæling hefur ekkert að gera með málverkin okkar hér. Söfnin eru stofnanir. Það er hægt að trúá á Guð án þess að stunda kirkju. Og það er þetta sem er mikilvægt: Þú þarft ekki að vita neitt um trúmál, þú þarft ekki að vita hversu oft þú sækir kirkju. Og samt trúirðu. Í könnuninni notuðum við orðið „list“ eins sjaldan og við gátum vegna þess að það sendir röng skilaboð. Það hræðir fólk sem heldur að það verði að vita eitthvað.

Við þurfum að búa til alvöru popplist, hina raunverulegu list fólksins, eins og popptónlist. Klassíska tónlistin tórir enn — John Cage, eitthvað svoleiðis. En þjóðin þrífst á poppstjörnum. Á hipp-hoppinu, rokkinu, það er það frábærasta í heimi. Við verðum að búa til list eins og þetta fólk. Við verðum að læra af því. Það er að vera listamaður.

S: Heldur þú að þetta hafi eitthvað að gera með hugmyndina um listamanninn sem leiðtoga?

AM: Þetta er 20. aldar hugmynd sem er mér mjög nærkomin. Samkvæmt rússneskum heimspekingi — mjög ljúfum manni að nafni Boris Groys, sem býr nú í Þýskalandi — var Stalín eini rússneski listamaðurinn, raunverulegur listamaður. Mesti listamaður í heimi. Vegna þess að hann gat mótað þjóðina. Hann gat breytt umhverfinu á áþreifanlegan hátt. Ekki bara í málverki, ekki bara í plati, heldur sjálfum fjandans veruleikanum. Hann var því meistarinna. Hann var listamaðurinn. Vegna þess að hugtakið „listamaður“, einkum á 19. öld og fyrri hluta þessarar aldar, var skilið sem Listamaður. Picasso lét sig alltaf dreyma um þetta; hann sagði að koma þyrfti á alræði listarinnar. Hann sagði að við þyrftum listamann í sæti stjórnandans — hann átti við leiðtogans, því að þetta var á tímum Hitlers og Stalíns. Hann vildi náttúrulega *sjálfur* öðlast þennan áhrifamátt.

Nú hafa menn aðrar hugmyndir um hvað leiðtogi sé. Bandaríkin eru leiðtogi leiðtoganna vegna þess að þau hafa skapað nýja tegund af leiðtoga sem gefur ekki fyrirskipanir heldur spyr fólkið. Þannig er hin nýja leiðtogahugmynd: Nýju leiðtogarnir láta gera skoðanakannanir. Picasso hermdi eftir Stalín, svo að við reynum að herma eftir Clinton. Þetta er vissulega ekki eins valdamikil staða, það verður að viðurkenna.

S: Finnst þér að leiðtogarnir séu jafnvel á einhvern hátt að missa fótfestuna?

AM: Jamm. Við erum komin út í hálfgerð öngstræti. Allt samfélagið. Það er hugmyndakreppa í listum sem fjölmargir hafa orðið áskynja. Og ekki aðeins í listum; í samfélagshugsun, pólitik. Það er eitt af því, í sambandi við þessa könnun, eitt af því sem við erum að reyna að fá út úr henni á kannski dálítið spaugilegan hátt — húmor sakar ekki — vegna þess að við höfum ekki hugmynd um hvert beri að stefna og hvert sé næsta skref.

Listamenn um þessar mundir — ég get ekki mælt fyrir munn allra en ég hef talað við mikinn fjölda listamanna sem eru á sömu skoðun — hafa jafnvel misst þá trú að þeir tilheyri minnihlutunum sem *veit*. Við trúðum því fyrir tíu árum, fyrir tuttugu árum, að við vissum leyndarmálið. Nú höfum misst þá trú. Við erum minnihlutahópur með engin völd og enga trú. Enga sannfæringu. Sem listamaður og ríkisborgari finnst mér ég vera algjörlega óþarfur. Ég veit ekki af hverju ég er hérna, hvað ég er að gera. Hvað er svona gott við að ég skuli vera að gera þetta, eða nokkur annar listamaður. Þegar maður fer í galleri in í SoHo eða söfnin sem hafa að geyma samtímalist segir maður við sjálfan sig: Af hverju? Gott og vel. Það er hægt að gera þetta svona eða svona, eða svona, i gusum eða sleikt. En af hverju? Um hvern fjárann fjallar þetta? Þess vegna vildum við spyrja fólkið. Frá sjónarhóli okkar félaganna er þetta einlægur vilji til að reyna að skilja, að breyta um stefnu. Vegna þess að við getum ekki haldið áfram að lifa eins og við gerum. Ég tala bara fyrir sjálfan mig en ég þekki fjölda fólks, og ég hef aldrei séð listamenn jafn örvæntingarfulla eins og þeir eru núna í þessu þjóðfélagi.

S: *Hvað heldur þú að valdi? Heldurðu að það komi gangi veraldarsögunnar eitthvað við?*

AM: Já, en kannski er þetta bara aldurinn. Ég er kominn yfir fimmtugt, og flestir þeir sem ég þekki, aðallega nafnkunnir listamenn, eru af sömu kynslóð — sumir yngri, aðrir eldri, frá um 35 til sjötugs, vegna þess að kynslóðir skarast. En þetta er sama sagnfræðilega kynslóðin. Við fæddumst á Stalinstímanum, inn í kommúnismann, og nú er kommúnisminn allur, þannig að það eru miklar breytingar í heiminum. Fólki á mínum aldri sér hlutina með öðrum augum en sonur minn, sem er 19 ára, vegna þess að hans kynslóð er nýkomin til sögunnar. Eins og sérhver kynslóð verður hún að byrja frá upphafi, og öll mannkynssagan verður hennar mannkynssaga. Þetta er móðernisminn. Allt það sem á undan er gengið lendir í glatkistunni; það er ekki til. Syni mínum stendur nákvæmlega á sama um Stalin eða marxismann. Þetta er gömul saga. En fyrir fólk á mínu reki er þetta allur heimurinn. Það skiptir ekki svo miklu máli hverju þú sem einstaklingur trúðir eða hugsaðir, hvort þú bjóst í Rússlandi

eða Bandaríkjunum. Þetta er samt þín saga. Og nú er hún öll. En þar sem við erum í meirihluta þá er þetta kreppa fyrir allt kerfið. Fyrir flestum menningarstjórnendum er einnig allur heimurinn að hrynja. Og hann er það að vissu leyti, því þegar valdastrúktúrinn fer að gefa sig þá gefur allur heimurinn sig.

S: Heldurðu að fólk í listaheiminum hrylli ekki við og verði æst út af þessari könnun, þessu listræna frumvarpi sem þið hafið lagt undir þjóðaratkvæði?

AM: Ekki spurning. Vegna þess að listaheimurinn þrífst á þeirri trú að til sé æðri list. Ég heyrði einu sinni Mary Boone (listhöndlara í New York) segja í fyrirlestri að hún fari eftir gæðum listarinnar, og þegar hún sjái verulega góða myndlist þá taki hún ákvörðun. Ég trúir ekki á þetta. Hvað eru gæði? Að sjálf sögðu skilgreindi hún það ekki, en hún trúir að inni í myndinni sé eitthvað sem túlka megji sem gæði, sem að mínu viti gildir ekki um nútímalist. Móðernisminn nærðist á þeirri hugmynd að listin ætti að vera eitthvað nýtt. Á sjöunda áratugnum reyndu menn að segja eitthvað sem ekki hafði verið sagt áður því annars var það vont. Það voru mjög ákveðnar skoðanir um hvað væri gott og vont. Og listin var dæmd út frá þessari viðmiðun. Sem er afar góð. Við erum stödd á tímum póst-móðernismans, þannig að menn segja núna að við endurtökum okkur, og þar með er sú viðmiðun úr sögunni. Og hvað svo? Af hverju er Schnabel góður málarí? Hver getur sagt til um það? Ég veit það ekki. Getur verið góður, getur verið slæmur. Það er enginn hlutlægur mælikvarði til staðar.

Þetta er kreppa nútímalistarinnar. Nútímalistin endurspeglar einu sinni róttækan hugsunarhátt, og hún gerði það fram að síðari heimsstyrjöld þegar hún fór smám saman að verða inngónari. Að lokum hvarf hinn róttæki hugsunarháttur fullkomlega út úr myndinni. Fólk lagaði sig að nútímalistinni og sagði gott og vel, því ekki þríhyrningar. Til dæmis. En það að mála þríhyrninga var í byrjun rosaleg yfirlýsing, algjör fífldirfska — hvort það er gott eða vont er hins vegar önnur saga. En nú hefur slikt allt aðra merkingu. Þetta er bara eins og hver annar smáborgaralegur síður. Menn búa til myndir og selja þær. Menn geta haldið forminu — það er hægt að leika sér endalaust með þríhyrninga — en merkingin er týnd. Svo þetta er útvötnun á takmarki móðernismans. Og öllum stendur hjartanlega á sama. Svipað átti sér stað með akademiska málverkið. Enginn hafði lengur trú á þessu, öllum stóð á sama, en samt héldu listamenn áfram að mála fallegar konur, þessar goðsagnalegu verur. Listamenn voru ekki í þessum heimi. Þeir höfðu tapað skynseminni, sambandinu við fólk. Móðernisminn gekk út á að færa myndlistinni aftur einhverja merkingu. Nú er hún merkingarlaus, þannig að við verðum að endurskoða hlutina að nýju. Sú

hugmynd að listin eigi að áreita eða stuða fólk er mjög fin. Slikt fangar athyglina. Þú nærð í það minnsta einhverju sambandi; neikvæð tjáskipti eru betri en engin tjáskipti.

S: Ræðum um þá sem leggja línurnar. Þú sagðir einhvern tíma að það sem hefði valdið þér mestu hugarangri í Svovétríkjunum hafi verið að þú gast aðeins málað eftir kokkabókum ráðamanna.

AM: Nei-nei, ég gat málað hvað sem ég vildi. Það gildi hins vegar öðru máli ef maður ætlaði að lifa af því. Ráðamenn kommúnistaflokksins, kommissararnir, máluðu á vissan hátt verk sem fengu viðbrögð frá fólkinu. En ég og félagi minn, sem tilheyrðum andófshreyfingunni, lifðum mjög undarlegu lífi. Vegna þess að við vorum aðskildir frá veruleikanum. Hjá okkur fór allt fram innandyra, í litlum herbergjum. „Utandyra“ var þá ekki til. Ég beið þess að fólk gengi framhjá. Fólk — hvaða fólk er þetta? Og eins og ég hef áður sagt, þá var okkur innprentað að listin væri fyrir fólkið, þannig að við vorum í eins konar útlegð.

S: Heldur þú að Amerika sé verulega frábrugðin Sovétríkjunum hvað þetta varðar? Hérna eru kommissararnir bara safnarar og sýningarstjórar.

AM: Jamm-vissulega. En veistu, þetta er nefnilega áhugavert. Ég er nýkominn frá Þýskalandi, og ég var alveg agndofa yfir muninum á evrópskri og amerískri menningu. Í Ameríku kom besta menningin frá botni samfélagsins. Eins og tónlistin — mestu tónskáld 20. aldarinnar voru ólæs, þau kunnu ekki að lesa nótur. Sem er andstæða hins góða evrópska listamanns. Í Evrópu var það aðallinn — áður vegna blóðbanda, en núna í anda eða í gegnum menntun — sem bjó til menninguna. Og hann tróð þessari menningu upp á fólkið. Hérna hefur þetta alltaf verið öðruvísi, nema í myndlistinni, sem svipar til þess sem gerist í Evrópu. Og þessi andlegi aðall er enn að troða hugmyndum sínum upp á fólkið. Þess vegna er myndlistin livilvægasti hluti amerískrar menningar.

S: En nú virðist bandaríska þjóðin vilja raunsæ málverk — landslag, fólk í hópum, hátíðlega stemningu — heldur þú að það séu einhverjar hliðstæður á milli þess og sósíalrealismans?

AM: Nei. Það má að sjálfsögðu finna hliðstæður á milli mótórnismans, síð-mótórnismans og sósíalrealismans. Þetta eru tvær hliðar á sömu mynt. Bæði mótórnisminn og

sósíalrealisminn eru runnir undan rifjum aðalsins, frá þeim sem hafa völdin og trúðu menningunni upp á fólkið. Algjörlega ómanneskjulegri myndlist. Nútímalistin, og Pollock er þar besta dæmið, er algjörlega ómanneskjuleg. Risastórar myndir fyrir söfn — nú köllum við svona myndir söfn. Á tíma Stalins voru þær kallaðar hallir, en í grundvallaratriðum er þetta sami hluturinn. Bara stærðin á þessum málverkum, hún er gjörsamlega ómanneskjuleg. Og þar kemur hið sanna eðli hennar best í ljós. Það er til vél sem heitir Listasaga, sem er strúktúr. Ef Listasagan þarf til dæmis á samsíða línur að halda, þá finnur hún einstakling sem býr til samsíða línur. Og þessi einstaklingur smellur inn í þessa vél sem er sjálfvirk. Hún kærir sig hvorki um fólk né nokkuð annað; hún gengur fyrir eigin vélarafli.

S: *Hvaða hlutverki gegnir safnarinn?*

AM: Hann er ein ástæðan fyrir því að við byrjuðum á þessari könnun. Ég hef hitt marga stórsafnara um dagana. Niutíu og níu prósent þeirra eru nautheimskir, ólæst fólk eða bara siðspillt. Það eru náttúrlega til undantekningar en þær eru mjög fáar. Og ég hugsaði með sjálfum mér: Af hverju þurfa menn að vera annað hvort heimskir eða siðspilltir til að kaupa myndlist? Hvað — er það eitt af skilyrðum þess að geta safnað? Er hægt að vera gáfaður og kaupa myndlist? Vegna þess að vel gefið fólk er virkilega sjaldgæft á þessu sviði. Ég þekki þetta af eigin reynslu vegna þess að ég hef verið lengi í bransanum. Ég las um einn mesta safnara Rússlands sem safnaði impressjónistunum, fyrstu verkum Picassos, Matisse, og bjó til glæsilegasta safn fyrir og síðar. Og hann var treggáfaður! Þannig að ef til vill er þetta skilyrði.

En hérna í Bandaríkjunum eru margar tegundir af söfnurum. Sumir eru bara safnarar; þeir safna úrum eða bókum eða pipum, eða þeir safna myndlist. Það er enginn munur. Þetta er ástríða, og hún hefur ekkert með myndlist að gera. Og hinn hópurinn sem safnar gerir það vegna þess að það veitir honum aðgang að vissum stöðum í samfélaginu. Að söfnunum. Öll söfnin í Bandaríkjunum eru einungis til í þeim tilgangi að þjóna þessu fólki. Söfnin eiga sér leynilíf. Þetta fólk, ríka fólkið, valdamikla fólkið, byggir þessa kastala sína sem það kallar söfn. Safnið skartar ekki sinu fegursta meðan alþýðan er þar inni. Ballið byrjar fyrst þegar dyrunum er lokað. Þá kemur háttsetta fólkið til að fullnægja siðferðisskyldum sínum við barinn eða halda brúðkaupsveislur. Þetta er alveg eins og hjá aðlinum með kastalana sína. Þessir höfðingjar hleypa fólkinu inn í nokkra tíma á dag, en það er ekki ástæðan fyrir því að staðurinn er til. Þeir styðja safnið með fjárgjöfum, ekki til að þjóna fólkinu heldur sjálfum sér til ánægju — til að hafa þetta glæsilega umhverfi, kerti, góðan félagsskap, ljúffengan mat . . .

S: *Kom þetta þér á ávart þegar þú komst frá Rússlandi?*

AM: Hvort það gerði. Vegna þess að í Rússlandi höfðum við þessa mynd af Bandaríkjunum sem landi frelsisins þar sem meirihlutinn ræður. Sem er að vissu leyti rétt, vegna þess að kosningar er hægt að vinna með eintómum meirihluta. Ef 20 þúsund fleiri kjósa þig, nú þá ertu forsetinn. Eftir þessu reynum við að líkja í könnuninni. Við treystum því — áhugavert orðalag — við treystum fólkinu, við trúum að þetta kerfi sé besta pólitíska samfélagskerfið sem fyrirfinnst í öllum heiminum. Við treystum fólkinu til að kjósa forsetann. En við treystum ekki hinni fagurfræðilegu dómgreind þess. Og það getur enginn sannfært mig um að *Eftirsóttasta málverk bandarísku þjóðarinnar* sé verra en til dæmis mynd eftir Ross Bleckner. Það er engin leið að sanna það. Og satt að segja held ég að myndin okkar sé betri, ef eitthvað er, vegna þess að það var meira í hana lagt. Það tóku svo margir þátt í henni — ég veit ekki, meira en 1001. Við eyddum um 40 þúsund dollurum í hana! Fyrir ekki stærri mynd er þetta töluverð upphæð.

S: *En hvernig heldur þú að fólk sem ekki tilheyrir listaheiminum tjái fegurðarsmekk sinn?*

AM: Það er stöðugt að því. Ameríkanar eru mjög jarðbundnir, mjög raunsærir, og þeir vita nákvæmlega hvað þeir vilja — hvernig á að skreyta íbúðina sína, litinn á klósettinu — þeir hugsa um myndlist. Og það er fullkomlega lögmætt að hugsa svona um hana. Ég er módernískur listamaður, og mér finnst að jafnvel það að bóna bilinn sinn, að klippa hekkið, sé fullkomlega lögmætt módernískt athæfi. En hvernig á að fá fólk til að tala um þetta? Við byrjuðum ekki á því í könnuninni að spyrja um söfn og list með stóru L-i. Við spurðum um liti, stærð á málverki — alvöru spurninga. Við byrjum á venjulegum hlutum og fetum okkur að hlutum sem eru list. Eins og t.d. bílar. Fólk er ekki hrifið af bilum vegna eiginleika þeirra heldur af því þeir hafa ákveðið form. Kannski veit það ekki að bill er list, en það kaupir þá samt af fagurfræðilegri hvöt. Það vill kaupa fegurð. Og hann er dáleiðandi. Þessi gljái. Farðu bara í sýningarsali bilasalanna og sjáðu þessa ótrúlegu fegurð. Ótrúleg!

Við búum í neylusamfélagi þannig að list og peningar haldast í hendur. Þetta tvennt verður ekki aðskilið. En sambandið þarna á milli er hins vegar ekki algilt. Fátækt fólk spanderar miklu meiri peningum í skreytingar. Fólk í „gettóum,“ unga fólk, eyðir geysilega miklu í fót. Prósentulega séð. Það er ótrúlegt. Þetta fátæka fólk elskar fegurðina miklu meira en þeir sem eru mun tekjuhærri. Það er ekki rétt að ríku fólk sé umhugaðra um fegurð. Á meðan á könnuninni stóð sagði einhver að

hlutirnir væru mismikilvægir fyrir fólki, að hjá hinum ríku væri listin í öðru sæti strax á eftir mat, en hjá hinum væri það matur, húsaskjól, o.s.frv. Slíkar fullyrðingar eru út í bláinn, vegna þess að fólk sem býr í athvörfum skreytir hjá sér veggina, skrifborðið. En á veggjunum heima hjá mér eru engar myndir.

S: *Telur þú að skoðanakannanir séu gagnlegar til að komast að því hvernig myndlist almenningur vill?*

AM: Við notuðum bara þá aðferð sem er til staðar. En sjáðu til, það er ýmislegt í könnuninni sem ég skil ekki. Eins og tölfræðin. Tölvuúrtakið hljóðaði upp á 1001 einstakling. Þátttakendurnir urðu að vera eitt-þúsund-og- einn — spurðu mig ekki hvers vegna, en sennilega mæla visindin fyrir um að svo þurfi að vera. Ég hef alltaf verið lélegur í stærðfræði og get því ekki lagt á það mat. Þetta eru alvöru vísindi. Eða eru þetta eins konar froðuvisindi?

Kannski eru skoðanakannanir besta leiðin. Kannski gætum við reynt eitthvað annað. En það er önnur saga. Ætli þú að komast að hinum raunverulega sannleika verður þú að stilla þig inn á það sem talið er vera sannleikurinn hér og nú. Á þessari stundu. Í þessu þjóðfélagi. Svo við höfum þennan sannleika — vísindi, læknisfræði, skoðanakannanir — og við sögðum gott og vel: Þetta er sannleikurinn. Við treystum honum. Ef við getum ekki treyst á skoðanakannanir mun allur heimurinn hrynja. Á hvað annað getum við trúað? Við trúum ekki á Guð, og við trúum ekki heldur á visindin. Svo hvað er eftir?

S: *En það var ýmislegt sem kom á óvart í könnuninni?*

AM: Það sem kom mér raunar mest á óvart var að hún kom mér ekki á óvart. Ég hélt að hún yrði miklu athyglisverðari — ég meina að niðurstaðan yrði önnur. Vegna þess að sú litla reynsla sem ég hafði af því að tala um myndlist við fólkið í Bayonne gaf mér allt aðra hugmynd um hvað almenningur vill. Íbúarnir þar gátu ekki sagt nákvæmlega hvers þeir óskuðu, en það að sjá listamenn að störfum leiddi þeim fyrir sjónir hvað væri hægt. Vandamálið er að fólk vantar fyrirmyndir. Kannski er ekki hægt að spyrja það, kannski hrekkur tungumálið ekki til. Ég bjóst við mikilli uppgötvun, við að heyra hina raunverulegu rödd fólksins — *vox populi* — að gáttir himins myndu opnast. En ég held að þetta sé könnuninni að kenna, ekki fólkinu. Kannski verður að sýna fólki. Kannski verðum við að kaupa vöruflutningabil, ferðast um landið og vinna að myndlist í návist þess — vöruflutningalist. „From Vanguard to Van Art.“

S: *En varstu ekkert hissa að fólk vildi að mestu leyti það sama án tillits til kynþáttar eða stéttar?*

AM: Jú, það kom mér líka nokkuð á óvart. Eins og þú manst var ætlunin upprunalega sú að mála mismunandi myndir fyrir mismunandi launþegahópa. En við komumst að því að það er enginn munur! Vinsældir bláa litarins minnka við hærri tekjur og meiri menntun, en samt er blár vinsælasti liturinn yfir línuna. Og allir hópar vildu sjá landslag með ávöllum formum og fólki í fötum. Þetta gefur okkur góða hugmynd um þjóðina, því hún er virkilega sameinuð. Þess vegna er bandaríska þjóðskipulagið enn við lýði. Það er ekki að leysast upp eins og í Rússlandi þar sem hóparnir höfðu miklu ólíkari skoðanir. Um leið og hið sameiginlega álit hverfur glatast allt saman.

S: *Það er athyglisvert að eftirsóttasta málverkið skuli vera mjög nálægt ameríska 19. aldar landslagsmálverkinu, sem sýnir fólk til sveita í jafnvægi við náttúruna, eða það er að leggja hana undir sig. Hvað heldur þú að þetta merki?*

AM: Ég held að fólk þrái kjölfestu, bæði menningarlega og sögulega. Nútímalistin var uppgjör og viðskilnaður við hefðina. Og nútímalistin varð svo vitaskuld að nýrri hefð. Framboð og eftirspurn í þessu landi er svo samtvinnuð að það er hægur vandi að verða sér úti um landslagsmálverk. Kannski ekki gott landslagsmálverk. Það er vandamálið. Landslagslist er í sjálfu sér ekki slæm. Við erum ef til vill ekki eins góðir og menn voru áður, en hvers vegna er landslagslist sett skör lægra en afstrakt-expressjónismi? Jú, aðallega vegna þess að elítan hefur snúið baki við landslagslistinni, og listamenn sem vilja verða frægir og þéna peninga búa ekki til hefðbundnar landslagsmyndir. Þeir vinna afstrakt.

S: *Gagnrýnandinn Robert Hughes skrifaði eitt sinn að „landslag væri fyrir ameríska málverkið það sem kynlíf og sálgreining væri fyrir amerísku skáldsöguna“, að hið dæmigerða ameríska málverk væri landslag.*

AM: Þá veistu það. Hann hafði rétt fyrir sér.

S: *En í alvöru talað, hvar endar könnunin og hvar tekur hinn listræni sköpunarmáttur við? Þetta er díalektísk þróun . . .*

AM: Hér erum við komin á önnur mið. Spurningin snýst um frelsi. Mjög almennt litið, hvað er frelsi? Erum við frjáls? Vinnum við ómeðvitað, samkvæmt skipun, við að þjóna markaðnum, að þjóna þessu fólki sem er hrifið af sumum myndum og

öðrum ekki? Að sjálfsögðu vinnum við öll samkvæmt skipun. Min gamla marxíska menntun segir mér ennþá að í kapitalísku þjóðfélagi sé ekkert frelsi. Kommúnisminn var örvæntingafull tilraun til að öðlast þetta frelsi. Marx sagði að við værum á leiðinni úr ríki ánauðarinnar til ríkis frelsisins — þetta var meiriháttar tímamótasýn, frá fullkomlega ófrjálsu samfélagi yfir í raunverulega frjálst samfélag. Það mistókst, að sjálfsögðu. Því takmarki hefur ekki verið náð. En ég skil þessa leit að frelsinu ennþá fjarskalega vel. Um þetta snerist Byltingin, rússneska byltingin. Og ekki aðeins rússneska byltingin heldur allar aðrar byltingar.

S: Að hve miklu leyti heldur þú þá að svörin í könnuninni megi rekja til eins konar ófrelsis? Er hún niðurstaða þess sem fólk heldur að það eigi að hugsa ófugt við hvað það raunverulega hugsar?

AM: Mikið rétt. Kannski fólk komist ekki í nægilega mikil kynni við listina, sem það veit að sjálfsögðu mjög lítið um — og það sem það veit segir það okkur. En eins og ég sagði áðan þá er þetta ekki hinn endanlegi sannleikur. Allar skoðanakannanir eru risastór lygi. Samkvæmt Churchill, Winston Churchill, er tölfræðin stærsta lygin. Og það er dagsatt. Tölfræðin segir okkur ekki nokkurn skapaðan hlut. En með hvaða hætti öðrum getum við komist að sannleikanum? Að sjálfsögðu væri best að efna til byltingar. Það væri ídealt. Mig dreymir statt og stöðugt um að skipuleggja góða, blóðuga byltingu hérna í Bandaríkjunum. En það er mun erfiðara. Það er miklu auðveldara að skrapa saman 40 þúsund dollurum og láta gera skoðanakönnun.

S: En hver getur svarað fyrir skömmustuna, hversu miklu blygðunin skiptir fyrir viðfangsefnið? Kannski vildi fólk vítt og breitt um Bandaríkin fá að sjá naktar manneskjur en var feimið við að láta það í ljós.

AM: Vitanlega var það smeykt. En þannig er listin, það sem er lifandi við hana. Það sem við erum hrædd við er lögverndaður hluti lífs okkar. Þetta er hinn raunverulegi sannleikur. Við ættum ekki að skammast okkur fyrir skömm okkar. Skömm sé oss.

S: En það er fleira áhugavert af því sem upp úr könnuninni kom. Þegar fólk var spurt hvers konar málverk það vildi helst kaupa lýsti það myndum sem fæstir hefðu efni á. En þegar peningar höfðu verið teknir úr myndinni og spurt var hvers það óskaði ef því væri ekki til að dreifa, þá voru portrett af þeim sjálfum, börnum þeirra og vandamönnum efst á listanum.

AM: Fólk vill að hlutirnir hafi persónulega þýðingu, ekki aðeins sögulega þýðingu.

Vegna þess að listin er svo fjarlæg — í söfnum, í galleríum — hvernig getur það nálgast hana? Kannski ef það sæi ástvini sína, fjölskylduna, hundinn sinn. Portrettið er leit að persónulegu auðkenni í listinni. Og þetta er ekki aðeins góð list, stórbrotin list, heldur einnig mín list.

S: *Ýmsir sem þátt tóku í könnuninni héldu að verið væri að grínast, að þetta væri bara langur og dýr brandari.*

AM: Auðvitað. En ekki gleyma að öllu gamni fylgir nokkur alvara. Þar liggur hundurinn grafinn. Vinstrisinnar eru alræmdir í gegnum söguna fyrir að vera gjörneyddir öllum húmor. Jesús Kristur brosti aldrei. Vissir þú það? Og Lenin — „no jokes“. Þá er hvergi að finna. Jafnvel hjá Marx, með alla sína bókmenntalegu snilligáfu, örlar ekki á húmor. Þeir beindu reyndar stundum sérstökum húmor gegn andstæðingum sínum — ég kalla það „háðisma“. En það er allt og sumt. Lengra gátu þeir ekki komist. Það er vandamálið: Kommúnismann skortir alla glaðværd.

S: *En kapítalismann?*

AM: Ég skal segja þér dálitla sögu. Við vorum beðnir um að skreyta anddyri hæstu byggingar í Los Angeles. Okkur var boðið að gera það af eiganda þessarar byggingar sem á fullt af skýjakljúfum — hann er mjög-mjög ríkur maður. Og á meðan við vorum að vinna að verkinu sagði ég honum brandara sem við sögðum einu sinni í Jersey City þegar við vorum að mála verk fyrir litla kaþólska kirkju þar: Sko, við erum ekki Michelangelo en Jersey City er heldur engin Róm. Ég endurtók þennan brandara við manninn og hann sagðist vera hrifinn af honum. Verkið var afhjúpað við gríðarmikla athöfn, og á opnuninni sagði hann: Ó, þessir rússnesku náungar, þeir eru svo fyndnir. Og hann endurtók brandarann, og allir fóru að hlæja. Hvað annað. Þá bætti ég við: Já, við erum ekki Michelangelo, það máttu bóka, og Los Angeles er ekki Róm, en þú ert heldur engin Medici.

Medici, þú veist, var aðalsmaður og mjög ófyrirleitinn náungi. En hann var engu að síður alinn upp í vissri menningu, hann var umkringdur ákveðnum myndum. Ég skil hvað Marx átti við þegar hann sagði að valdstjórn erfðaaðalsins hefði haft sínar góðu hliðar. Jafnvel þótt maður sé algjör grasasni, hálfviti að upplagi, veitir sú menning sem miðlað hefur verið frá kynslóð til kynslóðar manni vissa getu til að dæma. Aðallinn hlaut þessa menningu í vöggugjöf, og að vissu leyti varð hann finni með sig fyrir vikið. Hins vegar virtust tjáskiptaleiðir milli stéttanna vera fleiri og opnari í þá daga. Þetta er svolitil rómantik, en fólk var samt ekki eins aðskilið

og það er núna — allir höfðu auðvitað sömu flærnar. En með komu borgarastéttarinnar, fólks sem eignaðist peninga í gær, fólks án menningar, varð breyting á. Nú dæmir það um allt. Allt. Hin menningarlega keðja var rofin. Þetta er kapitalisminn. Auðvitað.

S: Hafið þið nú fundið ykkar Medici með könnuninni?

AM: Ég held að könnunin hafi leitt í ljós það sem við vissum alltaf fyrir. Við munum alltaf þjóna einhverju fólki, einhverju, kannski ómeðvitað. Reynum því að gera það meðvitað. Þjónum fólkinu. Hættum að leika þennan leik að við séum frjálsir listamenn. Við erum það ekki! Við erum þrælur samfélagsins. Við verðum að finna út ... við verðum að velja okkur yfirboðara. Ólíkt því sem gerðist í Rússlandi höfum við val. Vegna þess að rússnesku þrælarnir höfðu ekkert val. Þeim var úthlutað yfirboðurum. En við búum í frjálsu samfélagi. Við getum valið okkar húsbónda. Kannski gengur frelsið út á þetta — þetta er ný skilgreining á frelsi.

Gamla rómantíska stefnan ól af sér hugmyndina um hinn frjálsa anda, listamanninn með stóru L-i. Hann er frjáls, frjáls undan öllu, og hann treður vilja sínum upp á samfélagið. Ef við ímyndum okkur samfélagið sem pýramída, þá er Stalin sá eini á toppnum, eða Listamaðurinn. Vegna þess að það eru aðeins extra-sérstakar sálir, snillingar, yfirburðafólk, sem geta komist þangað — sem geta hoppað sisona úr ríki ánaúðarinnar yfir í ríki frelsisins. Allir hinir eru þrælur.

S: Markhópurinn í könnuninni gat ekki komið sér saman um hvort listamaðurinn væri snillingur eða hvort þetta væri einungis spurning um að hafa svolitinn viðbótarhæfileika.

AM: Þetta er hluti þeirrar tálsýnar sem samfélag okkar hefur verið svipt. Trúðu mér. Hitler var síðasti rómantikerinn, og hann var tákngervingur . . . hann var *hinn* þýski snillingur holdi klæddur. En hann fann þetta ekki upp sjálfur. Frá því á 18. öld hafði Þýskaland lifað í þeirri trú að hinn raunverulegi snillingur gæti þrífist í þessum heimi — þannig var því farið með Wagner, Nietzsche og Hitler. Og Hitler drap þessa hugmynd um hinn mikla snilling, því við trúum ekki á hann lengur. Í myndlist 20. aldarinnar var það Picasso; ómenguð snilld, Guð, eitthvað hátt yfir allt hafið. En þegar Picasso varð gamall gerði hann þessi fáránlegu málverk. Menn urðu forviða. Og þeir sögðu gott og vel. Hann er ennþá snillingur, bara ekki á síðari hluta ævi sinnar. Ef þú getur skipt lifi manna í tvo hluta þá getur ekki verið um snilling að ræða. Annað hvort ertu snillingur eða þú ert það ekki.

S: *Heldur þú samt að það eimi ekki dálítið eftir af þessari persónudýrkun, svo gripið sé til orðalags frá stalinismanum, sem svifur yfir listamönnum og skyggir á verk þeirra? Hópurinn sem þið funduð með út af könnuninni fékk ekki að vita að þið væruð þessir frægu listamenn fyrr en þið voruð að fara. Þeir sem vissu eitthvað um myndlist báðu ykkur þá um eiginhandarritun, og hinir sem vissu ekkert létu það eiga sig.*

AM: Já, þetta eru leifar frá þessum trúarbrögðum, þessari snillingadýrkun, sem er á hraðri niðurleið. En þrátt fyrir það hvetja margir börn sín til að verða listamenn. Hugmyndin um snillinginn er því enn til staðar. Þegar fólkið sem við funduðum með komst að því að við værum listamenn — „Listamenn!“ — varð það verulega spennt. Mér fannst mjög gefandi að fá tækifæri til að ræða við þetta fólk, og kannski var sú samkoma best heppnaði hluti könnunarinnar. Vegna þess að maður komst í svo mikla nálægð við almenning.

S: *Hvað hafði helst áhrif á þig í samræðunni við fólkið?*

AM: Menn áttu oft í erfiðleikum með að finna réttu orðin — líkt og ég á stundum á ensku — því þetta svið er þeim framandi. Efri stéttirnar nota þennan málvanda til að koma fram við fólkið í neðri stéttunum eins og börn . . . þið eruð ekki nógu þroskuð, eins og það væri of ungt til að sofa hjá. Þegar ég ræddi við þetta fólk kom í ljós að það er mjög ástriðufullt. En það skortir æfingu — það skortir meiri reynslu. Kannski þarf að skrifa bók, eins konar uppflettirit eins og *Unaðssemdir kynlífsins: Unaðssemdir myndlistarinnar*, og síðan *Meira um unaðssemdir myndlistarinnar*.

S: *Hvernig myndir þú flokka þessar myndir ykkar með hliðsjón af listasögunni?*

AM: Það er ekki mitt hlutverk. Ég er áhangandi hefðar sem komin er frá Tsjechov, Anton Tsjechov, en hann sagði: Ég get ekki dæmt, ég get sýnt. Listamaðurinn og rithöfundurinn geta einungis gert eitt, en það er að bera verk sín undir aðra og láta þá um að dæma hvort þau séu góð, slæm, neikvæð eða jákvæð. Og ég er þessu fullkomlega sammála. Geta okkar er svo takmörkuð. Væri ég jafngóður listamaður og Stalín horfði málið öðruvísi við. Ég gæti dæmt. En þar sem ég er miklu minni listamaður þá get ég bara sýnt.

S: *Að hve miklu leyti heldur þú að niðurstaðan hafi ráðið því hvernig þið máluðud verkin? Hefðuð þið getað málað öðruvísi myndir út frá þessari sömu könnun?*

AM: Ég skal ekki segja . . . það sem mestu réð var hversu feikileg þína var að mála þau. Þetta er erfiðasta verkefni sem ég hef nokkurn tíma fengið. Þetta var alvöru dæmi, vegna þess að ég er ekki mjög góður í þessu. Við þurfum þjálfun í að mála blátt landslag, við þurfum meiri tíma. Því þetta er svo skrambi erfitt. Ég átti alls ekki von á þessu. Ég hugsaði: Ha! Við málum þessar myndir eins og að drekka vatn. Ekkert mál. U-hu. U-hu. Ég sagði við sjálfan mig: Ég er fagmaður í greininni, hvað áttu við, geturðu ekki málað blátt landslag? Verkin voru máluð og endurmáluð mörg hundruð sinnum. Ég bugaðist næstum því.

S: *Dró það úr ykkur kjarkinn að vita að þið væruð að mála fyrir alla bandarísku þjóðina?*

AM: Það var hluti af byrðinni. Þetta er hið „All-American“ málverk! Og til að bæta „bláu ofan á blátt“ var myndin lítil — fyrir nú utan allar þessar nákvæmu útlistanir, agnarlitlu figúrunar og pensiláferðina. Pensiláferði!

S: *Mun þetta hafa áhrif á hvernig þið málið og vinnið í framtíðinni?*

AM: Tja, það hefur allt áhrif á okkur. Þetta er bara eitt af mörgum verkum. Auðvitað hefur það áhrif á okkur. Ég skal segja þér nokkuð. Við máluðum mynd af Jesú Kristi í New Jersey fyrir Holy Rosary-kirkjuna í Jersey City. En það var nánast ekkert fjallað um hana, vegna þess að elítan trúir ekki að hægt sé að gera neitt merkilegt fyrir utan SoHo, eða þennan galleriheim. Fólk er stöðugt að því. En allt sem tilheyrir galleriunum og söfnunum er list. Og hitt fyrir utan er ekki list. Það er hnoð eða eitthvað svoleiðis. Ég hef til að mynda mikinn áhuga á náunga að nafni John Noble. Hann var ekki mesti listamaður í heimi en hann var ágætur realisti. Hann málaði sjávarlífsmyndir, gerði ætingar og drakk á börunum í Bayonne. Stærsta safnið á verkum hans er í eigu barþjóns. Noble var nefnilega fylliraftur, og það finnst mér verulega áhugavert. Mjög rómantískt, að sjálfsögðu. Hann dó 1982, og fram á dauðadag þjónaði hann fólkinu í Bayonne og á Staten Island, seldi málverk og lét þau í skiptum fyrir nauðsynjar. Svo enn er von um að einhvers staðar sé að finna fólk sem er að gera raunverulega myndlist. Kannski góða myndlist. Stórkostlega myndlist.

S: *Finnst þér að verkin sem þið máluðuð samkvæmt könnuninni séu eitthvað í líkingu við ádeilumyndir ykkar á gamla sovétkerfið — eins konar andstæða hinnar „opinberu“ bandarísku myndlistar?*

AM: Pottþétt. Þetta er algjör utangarðslist. Aðallega þó vegna spurninganna. Hverjir eru áhorfendurnir? Hverjir eru áheyrendurnir? Það er enginn sem spyr þessara spurninga.

(Þýðing: Hannes Sigurðsson)

Viðtalið birtist í bandaríska vikuritinu The Nation 14. mars 1994, myndskreytt prósentutóflum og margbættum breytuútreikningum, en Vitaly Komar var erlendis þegar það var tekið.

Menningarmálanefnd Reykjavíkur:

Guðrún Jónsdóttir formaður, Guðrún Ágústsdóttir, Helgi Pétursson, Inga Jóna Þórðardóttir,
Jóna Gróa Sigurðardóttir, Tryggvi Baldvinsson, Þorvaldur Þorsteinsson

Forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur: Gunnar B. Kvaran

Umsjón með gerð sýningarskrár: Anna Friðbertsdóttir, Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir

Yfirllestur handrita: Mörður Árnason

Prentun og bókkband: G.Ben.Edda prentstofa hf.

© Kjarvalsstaðir — Listasafn Reykjavíkur
v/Flókagötu, 105 Reykjavík
1996

ISBN 9979-874-63-5

VÁL FÓLKISINS!

**EFTIRSÓTTASTA
OG SÍST EFTIRSÓTTA
MÁLVERK
ÍSLENSKU ÞJÓÐARINNAR.**

KOMAR & MELAMID

FAHRTS FÖLJING!

ÍSLENSKUR ÞÓÐARINNAR
MÁLVERK
OG SÍT FÉLFSÓTTA
EFTIRSÓTTASTA

KOMAR & MELAMID